## HRÍFST AF ANDY ROONEY

*Sigrún Ósk Kristjánsdóttir hefur nýverið tekið við hlutverki stjórnanda Íslands í dag*

26










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. janúar 2009 — 9. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000








**VEÐRIÐ Í DAG**




**STORMUR** Í dag verður norðaustan hvassviðri eða stormur á Vestfjörðum og með ströndum nyrðra annars mun hægari. Snjókoma á norðurhelmingi landsins en skúrir eða él syðra. Frystir um allt í kvöld.

VEÐUR 4

# Sérstakur saksóknari rannsaki gengisfallið

**Forsvarsmenn útgerðarinnar spyrja hvort bankarnir og eigendur þeirra hafi svindlað og krefjast rannsóknar. Útgerðinni voru seldir gengissamningar sem gerðu ráð fyrir sterkri krónu. Bankarnir og eigendurnir veðjuðu á veikingu.**

**EFNAHAGSMÁL** „Ég tel ástæðu til þess að rannsóknarnefndin athugi gjaldmiðlasamningana sérstaklega. Hún á að gera það,“ segir Eiríkur Tómasson hjá Þorbirni í Grindavík og varaformaður Landssambands íslenskra útvegsmanna, og vísar til sérstakrar þriggja manna rannsóknarnefndar.

Hann segir marga telja að eigendur bankanna hafi látið selja útflutningsfyrirtækjum og lífeyrissjóðum samninga sem gerðu ráð fyrir að gengi krónunnar styrkist.

Það þýðir að gerður er samningur um gjaldeyri, þannig að hann er seldur á tilteknum degi með loforði um að hann verði keyptur aftur á tilteknu gengi síðar. Geri menn ráð fyrir að krónan styrkist, er rætt um að taka stöðu með krónunni.

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, gengur lengra og segir að í tilviki bankanna sjálfra „sé það verkefni fyrir hinn sérstaka saksóknara að kanna hvort bankarnir hafi verið að veikja krónuna á sama tíma og þeir seldu okkur það sem við töldum vera varnir.“

Kjalar og Exista, sem voru stærstu eigendur Kaupþings, hefðu gert hið gagnstæða.

„Er hægt að kalla þessi vinnubrögð „svikamyllu“?“ spurði Eiríkur og hélt áfram: „Ég veit það ekki, en hvernig er þetta hjá öðrum fyrrum eigendum bankanna, eru einu eignir þeirra stöður gegn krónunni og eru þá stöður gegn þjóðinni?“ spyr Eiríkur.

Helstu eigendur bankanna áttu hins vegar einnig hluti í sjávarútvegsfyrirtækjum. Til dæmis á Kjalar HB Granda.

Kjalar og Exista munu samanlagt hafa tekið um tólf hundruð milljóna evra stöðu gegn krónunni í fyrra.

Gengi krónunnar féll verulega allt árið í fyrra fyrir hrunið. Verðbólga jókst og erlendar skuldir heimila og fyrirtækja hækkuðu mikið.

Davíð Oddsson seðlabankastjóri sagði um gengisfallið í lok mars að óprúttnir aðilar hefðu gert atlögu að íslensku fjármálakerfi og Fjármálaeftirlitið hóf rannsókn, sem lítið hefur frést af. Sigurður Einarsson, þáverandi stjórnarformaður Kaupþings, nafngreindi síðar fjóra vogunarsjóði sem hefðu átt þátt í gengisfallinu. **- ikh**



**VIÐ FRUMSÝNINGU** Fyrir nokkrum árum börðust þau Margrét Dagmar Ericsdóttir og Þorsteinn Guðbrandsson fyrir því að sonur þeirra Þorkell Skúli sem er einhverfur fengi viðhlítandi meðferð. Þá voru flestar dyr honum lokaðar en hann gekk rauða dregilinn í gær þegar myndin Sólskinsdrengurinn var frumsýnd í Smárabíói. Hér er hann ásamt foreldrum sínum fyrir frumsýninguna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Heimildarmynd um sólskinsdrenginn Kela var frumsýnd í gær:

# Inn fyrir skel einhverfunnar

**FÓLK** Gerð heimildarmyndarinnar Sólskinsdrengurinn, sem fjallar um einhverfa drenginn Kela, varð afdrifaríkari en móðir hans, Margrét Dagmar Ericsdóttir, gerði ráð fyrir þegar verkinu var ýtt úr vör fyrir tæpum þremur árum.

Upphafleg hugmynd Margrétar var að gera vísindalega heimildarmynd um einhverfu, en í meðförum leikstjórans, Friðriks Þórs Friðrikssonar, varð myndin persónulegri og beindist að sögu Kela. Fjölmargir einhverfir og sérfræðingar á sviði einhverfu eru þó á meðal viðmælenda, þar á meðal indversk kona, Soma Mukhopadhyay, sem þróað hefur sérstaka aðferð til að ná til einhverfra. Hún varð sú fyrsta sem náði inn fyrir skel einhverfunnar og fékk Kela til að svara spurningum. Foreldrar hans eygja því betri framtíð fyrir Kela þar sem hann getur lært að tjá sig. **- sbt /** **sjá síðu 20**

Carsten Valgreen:

# Pólitíkusa burt úr stjórnum

**VIÐSKIPTI** Carsten Valgreen, fyrrverandi aðalhagfræðingur Danske Bank og núverandi meðeigandi í Benderly Economics, segir í grein í Fréttablaðinu í dag að rót kreppunnar á Íslandi megi rekja til þess hversu innbyrðis tengsl eru mikil í þessu litla og einsleita samfélagi.



CARSTEN VALGREEN

Carsten segir að Davíð Oddsson Seðlabankastjóri hafi valdið stórslysi þegar efnahagskreppan skall á og viðbrögð stjórnvalda við efnahagshruninu hafi verið tilviljanakennd og það útskýri harkaleg viðbrögð Breta gagnvart Íslendingum.

Hann leggur til að stjórnmálamönnum verði ekki veittar stjórnunarstöður. Ennfremur að hluti af fjármálaregluverkinu og eftirliti með fjármálakerfinu verði falið alþjóðlegum stofnunum og að verðtrygging verði aflögð. **- jse**

Verðlaun veitt í fjórða sinn:

# Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins

**VERÐLAUN Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í fjórða sinn í lok febrúar en verðlaunin eru veitt þeim einstaklingum eða félagasamtökum sem lagt hafa sitt af mörkum til að bæta samfélagið.**

**Lesendur Fréttablaðsins eru beðnir um að senda inn tilnefningar og skiptast verðlaunin í fimm flokka. Allir, félagasamtök sem einstaklingar, þekktir og óþekktir, sem eiga skilið viðurkenningu fyrir gjörðir sínar og framgöngu koma til greina sem verðlaunahafar.** **- kg /** **sjá síðu 8**










## SPURNING DAGSINS



*Jón Vigfús, skaustu þér ref fyrir rass?*

„Já, þangað fer hann nú að lokum.“

Jón Vigfús Guðjónsson, tilraunakokkur með meiru, matreiddi ref í brúnni sósu og snæddi með bestu lyst. Hann segir réttinn hafa helst minnt á gúllas af fullorðinni kind.

Rannsókn Fjármálaeftirlitsins á starfsemi bankanna haustið 2008 miðar áfram:

# Sérfræðingar hafa skilað gögnum

**EFNAHAGSMÁL** Utanaðkomandi sérfræðingar hafa, að beiðni Fjármálaeftirlitsins, skoðað ákveðna þætti sem snúa meðal annars að innri reglum bankanna og lögum um fjármálafyrirtæki, segir í tilkynningu sem Fjármálaeftirlitið sendi frá sér í gær.

Þar segir að þessi skoðun snúi til dæmis að óeðlilegum fjármagnshreyfingum innan samstæða eða milli landa, skilmálabreytingum lánasamninga, breytingum á tryggingum og veðum, meðferð afleiðusamninga, viðskiptum með verðbréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða og meðferð rekstrarfjármuna.



**BANKAR** Fjármálaeftirlitið hefur falið utanaðkomandi aðilum að skoða innri reglur banka og lög um fjármálafyrirtæki.

Upplýsingum vegna þessarar skoðunar, frumgögn upp á fleiri hundrað blaðsíður, hefur verið skilað til Frjármálaeftirlitsins og er úrvinnsla hafin með það fyrir augum að sannreyna hvort lög hafi verið brotin.

Í tilkynningunni segir að í þeim tilvikum sem niðurstöður bendi til refsiverðs verknaðar verði beitt stjórnvaldssektum eða málum vísað til lögreglu. Upplýsingar um niðurstöður rannsókna verði veittar á þann hátt sem lög leyfi og eftir því sem verkinu miðar áfram.

Jafnframt er minnt á að Fjármálaeftirlitið vinni innan ákveðins lagaramma sem takmarki möguleika þess á að tjá sig um mál sem það hefur til skoðunar. Þá geti opinber umfjöllun um einstök mál á rannsóknarstigi spillt rannsóknum eða ónýtt mál fyrir dómi. **- ovd**

Komum á Læknavakt fjölgar:

# Flensan komin

**HEILBRIGÐISMÁL Inflúensa er nú farin að stinga sér niður. Í desember síðastliðnum var staðfest tilfelli af inflúensu A og enn eitt í byrjun janúar á þessu ári, að því er fram kemur í Farsóttarfréttum landlæknisembættisins. Þá hefur orðið nokkur aukning á inflúensulíkum tilfellum á Læknavaktinni og umtalsverð aukning á bráðum loftvegasýkingum ásamt auknum komufjölda sem allt eru vísbendingar um að inflúensan kunni að vera að skjóta rótum hér. Önnur vísbending um yfirvofandi inflúensufaraldur er umtalsverð aukning á inflúensutilfellum í nágrannalöndum okkar síðustu vikurnar.** **- jss**

Formaður skilanefndar:

# Aðeins gengi Seðlabankans

**EFNAHAGSMÁL** „Meginregla skilanefndar Kaupþings í framvirkum gjaldmiðlasamningum almennt, er að þegar þeir eru á gjalddaga sé miðað við skráð gengi Seðlabanka Íslands. Það er eina gengið sem við getum notað,“ segir Steinar Þór Guðgeirsson, formaður skilanefndar gamla Kaupþings.

Ýmsir, til að mynda útgerðir hafa rætt um að gera upp afleiðusamninga með gjaldeyri á tilteknu gengi. Þá hefur að minnsta kosti eitt eignarhaldsfélag krafist þess að gengi evrópska seðlabankans á uppgjörsdegi verði notað. **- ikh / sjá síðu 10**

# Kaninn gladdi viðskiptin á vellinum

**Tvö hundruð bandarískir hermenn komu við í Leifsstöð á heimleið frá Írak og glæddu viðskiptin sem hafa dregist saman vegna fækkunar ferðamanna síðustu mánuðina. Farþegum fækkaði um 8,8 prósent milli áranna 2007 og 2008.**

**VIÐSKIPTI** „Nú á dögum, þegar svo margir Íslendingar eru hættir að fara hérna í gegn, þá er þetta algjör hvalreki,“ segir Kjartan Kristjánsson, eigandi Optical Studio-verslunarinnar í Leifsstöð, afar kátur með óvænta komu 200 bandarískra hermanna í flugstöðina.

Það var ekki nema von að hann tæki þeim vel en farþegum hefur fækkað verulega síðustu mánuði, til dæmis komu liðlega þriðjungi færri í nóvember síðastliðnum en sama mánuð árinu á undan. Tæplega níu prósent færri ferðamenn komu á síðasta ári en árinu þar á undan.

„Þeir voru að koma frá Írak en lentu hér þar sem rúða brotnaði í vélinni,“ segir Kjartan. „Þegar þeir heyrðu af því að hægt væri að láta mæla í sér sjónina og kaupa gleraugu bara einn tveir og bingó fjölmenntu þeir hjá okkur og þeir eru afar ánægðir með verðið og tala um að þetta sé um hálfvirði miðað við það sem gerist í þeirra heimalandi.“

Fimmtán hermenn voru sjónmældir og keyptu þeir gleraugu hjá Kjartani og segir hann í gríni að hafi þeir verið óbreyttir hermenn hafi það breyst því þeir tóku miklum stakkaskiptum eftir kaupin. „Þeir voru allir með alveg eins gleraugu sem herinn hafði skaffað þeim. Þau voru orðin sandbarin og svo sem engin tískugleraugu en þeir fóru með alveg nýtt lúkk.“

Lee Greenfield, yfirmaður í hernum, sagði að hópurinn væri ánægður með verðið í Leifsstöð og hefðu því margir nýtt sér þetta óvænta innlit til að versla.



**HER MANNA Í LEIFSSTÖÐ** Lee Greenfield mælir hér til sinna manna en um 200 hermenn voru í Leifsstöð í gær.

Kjartan segir, eins og Elín Árnadóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Keflavíkurflugvallar ohf., að á meðan Íslendingum hafi fækkað í Leifsstöð hafi erelndir ferðamenn nýtt sér í auknum mæli verslanirnar þar. „Þeir eru farnir að opna veskin,“ segir Kjartan. Spurð um hvernig verslunin gangi í Leifsstöð segir Elín tölurnar um fjölda ferðamanna endurspegla þá stöðu að miklu leyti. Keflavíkurflugvöllur ohf. tók við rekstri Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar um síðustu áramót.

jse@frettabladid.is

**FARÞEGAFJÖLDI Í LEIFSSTÖÐ**

| | Fjöldi farþega 2008 | Breyting frá fyrra ári |
|---|---|---|
| **Janúar** | 116.607 | 11% |
| **Febrúar** | 114.964 | 11,6% |
| **Mars** | 146.969 | 8,8% |
| **Apríl** | 137.503 | -14,9% |
| **Maí** | 173.191 | -4,5% |
| **Júní** | 249.957 | -2,8% |
| **Júlí** | 292.992 | -5,2% |
| **Ágúst** | 271.501 | -7,6% |
| **September** | 172.086 | -8,2% |
| **Október** | 142.552 | -22,8% |
| **Nóvember** | 91.500 | -36% |
| **Desember** | 90.076 | -26% |
| Farþegafjöldi árið 2008 | | **1.990.476** |
| Farþegafjöldi árið 2007 | | **2.182.232** |

Sem þýðir 8,8 prósenta fækkun.



**LÍF Í KAUPHÖLLINNI** Nýja úrvalsvísitalan sem Kauphöllin tók að reikna um áramótin hefur fallið um 11,5 prósent frá fyrsta degi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Úrvalsvísitalan í mínus:

# Engin hækkun frá áramótum

**VIÐSKIPTI** Nýja Úrvalsvísitalan (OMXI6) féll um 5,51 prósent í gær og endaði í 884,67 stigum.

Munar þar um gengishrun Straums sem féll um rúm 26 prósent. Gengi bréfa í fjárfestingabankanum hefur fallið um 64 prósent síðan viðskipti hófust á ný með þau fyrir mánuði og fór um skamman tíma undir eina krónu á hlut í gær.

Kauphöllin tók saman nýja Úrvalsvísitölu í byrjun árs og samanstendur hún af þeim sex félögum sem mesta veltu hafa á markaðnum. Vísitalan, sem hefur aldrei hækkað, hefur fallið um 11,5 prósent frá fyrsta degi. **- jab**





**BJÖRN BJARNASON** **BJARNI BENEDIKTSSON**

Breytingar á ríkisstjórninni:

# Bjarni tekur við embætti Björns

**STJÓRNMÁL** Björn Bjarnason lætur af embætti dóms- og kirkjumálaráðherra að loknum landsfundi Sjálfstæðisflokksins um næstu mánaðamót.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er ákveðið að Bjarni Benediktsson alþingismaður taki við embættinu.

Líklegt er að frekari breytingar verði á ríkisstjórninni við það tækifæri.

Björn varð dómsmálaráðherra eftir kosningarnar 2003. Áður var hann menntamálaráðherra frá 1995 til mars 2002. Bjarni var fyrst kjörinn á þing 2003. **- bþs**

Sjórán við Sómalíu:

# Sjóræningjar sleppa olíuskipi

**SÓMALÍA** Sómalskir sjóræningjar slepptu í gær sádí-arabíska risaolíuskipinu Sirius Star sem þeir rændu í nóvember síðastliðnum.

Sjóræningjarnir fengu um þrjár milljónir bandaríkjadala greiddar í lausnargjald fyrir skipið sem jafngildir rúmum 373 milljónum íslenskra króna. Í skipinu eru tvær milljónir olíutunna og er það stærsta skip sem rænt hefur verið. Engan í 25 manna áhöfn skipsins sakaði. **- ovd**




Eftir margra vikna hlýindakafla snýr veturinn tvíefldur aftur með 20 stiga frosti:

# Fimbulkuldi leggst yfir landið

**VEÐUR** Í dag kólnar verulega á landinu frá því sem verið hefur. Eftir nokkra vikna hlýindakafla taka frosthörkur við.

Samkvæmt spá Veðurstofu Íslands mun kuldinn ná hámarki fyrir austan og norðan á þriðjudag. Það kvöld gerir spálíkan Veðurstofunnar á netinu ráð fyrir 22 stiga frosti á Akureyri og 19 stiga frosti á Möðrudalsröræfum og á Egilsstöðum svo dæmi séu nefnd.

Sunnan heiða má búast við mesta frostinu í innsveitum. Til dæmis er spáð 15 stiga frosti í Húsafelli og 12 stiga frosti á Þingvöllum á þriðjudag. Á höfuðborgarsvæðinu verður frostið 8 stig þann dag.

Reiknað að með að þessu kuldahreti fylgi bæði snjókoma og él, aðallega norðanlands og austan. Hvergi verður frostlaust en þó mildast með suðausturströnd landsins.

Á miðvikudag er gert ráð fyrir að slakni tímabundið á klónni en síðan á að kólna aftur á fimmtudag. **- gar**

**VEÐURSPÁ Á MIÐNÆTTI AÐFARANÓTT MIÐVIKUDAGS**




**VEÐURSPÁ** Kuldalegt verður um að litast á landinu á þriðjudagskvöld ef marka má spá Veðurstofu Íslands.

HEIMILD/VEDUR.IS




Keilir og Háskóli Íslands kynna nýtt nám:

# B.S. gráða í orkutæknifræði og mekatróník

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## ORKU- OG TÆKNISKÓLI

**Keilir og Háskóli Íslands bjóða nú nám til B.S. gráðu í tæknifræði við framúrskarandi aðstæður á Keilissvæðinu undir leiðsögn sérfræðinga í fremstu röð. Í námslok útskrifast nemendur með B.S. gráðu frá Háskóla Íslands.**

**Orkutæknifræði** er þverfaglegt nám þar sem veittur er sterkur grunnur í beislun og nýtingu jarðvarmaorku og virkjun á öðrum grænum, endurnýjanlegum orkugjöfum auk hagnýts grunns í því að nýta bæði rafeinda- og hugbúnað til að stjórna vélbúnaði, og notkun mælitækja.

Í **mekatróník** (e. mechatronics) náminu fá nemendur þverfaglegan grunn í hönnun og smíði rafeinda- og tölvustýrðs vélbúnaðar. Meðal þess sem kennt verður er mælitækni, merkjavinnsla, stýritækni og hönnun vélhluta. Auk þess verður kennd rafmagnsfræði, rafeindafræði og önnur fög sem eru mikilvæg í starfi tæknifræðinga með sérhæfingu í mekatróník.

Lögð er áhersla á verklegar æfingar í rannsóknarstofu þar sem sköpunargáfa nemenda fær að njóta sín. Samstarf við fyrirtæki á svæðinu undirbýr nemendur fyrir atvinnulífið, þar sem vaxandi þörf er fyrir sérfræðinga á þessu sviði.

**Umsóknarfrestur er til 20. janúar.**

HÁSKÓLI ÍSLANDS

**Keilir**
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

KEFLAVÍKURFLUGVELLI - SÍMI: 578 40 00 - WWW.KEILIR.NET

## GENGIÐ 09.01.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,82 | 124,42 |
| Sterlingspund | 188,67 | 189,59 |
| Evra | 169,63 | 170,57 |
| Dönsk króna | 22,759 | 22,893 |
| Norsk króna | 17,855 | 17,961 |
| Sænsk króna | 15,769 | 15,861 |
| Japanskt jen | 1,3641 | 1,3721 |
| SDR | 189,86 | 191 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
208,4419

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Utanríkisráðherra segir verða að stöðva blóðbaðið á Gaza:

# Nató gæti sinnt friðargæslu

**UTANRÍKISMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra segir vel koma til greina að Nató taki að sér friðargæslu á milli Ísraels og Palestínu. Friði verði að koma á hvað sem það kostar.

„Það er fyllsta ástæða til að velta því fyrir sér hvort Nató geti orðið milligönguaðili í þessari deilu, gæti gengið á milli deiluaðila og verið þetta alþjóðlega lið sem ýmsir telja að þurfi að vera á vettvangi. Framferði Ísraela gefur tilefni til þess að málið sé rætt á vettvangi Nató,“ segir Ingibjörg.

Árni Páll Árnason, varaformaður utanríkisnefndar Alþingis, segir að huga verði að öllum leiðum til að koma á friði. „Það er álitamál hvort ekki þurfi alþjóðlegt friðargæslulið á svæðið. Það er mjög viðkvæmt fyrir Ísraela, en ég held að reynslan af samskiptum þeirra við skæruliða Hamas séu með þeim hætti að það mæli margt með því að það komi alþjóðlegt friðargæslulið sem hafi ríka heimild til að afvopna skæruliða og koma á friði.“

Árni segir það geta verið skynsamlegt að sækja í smiðju Nató, enda sé mikil þekking þar á því að koma á friði á átakasvæðum. Venjulega komi alþjóðlegt friðargæslulið í kjölfar friðarsamninga. Hins vegar hafi skort á að fyrri friðarsamningar, svo sem Óslóarsamningarnir, hafi komið til framkvæmda. - kóp



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Deila Íslendinga og Breta:

## Tekin fyrir í Evrópuráðsþingi

**ALÞJÓÐAMÁL Framkvæmdastjórn Evrópuráðsþingsins samþykkti í gær, að beiðni Íslendinga, að ræða aðgerðir Breta gegn Íslendingum í laga- og mannréttindanefnd og efnahagsnefnd Evrópuþingsins.**

**28. nóvember síðastliðinn voru aðgerðir Breta, þegar þeir beittu hryðjuverkalögum gegn Íslendingum í október síðastliðnum, rædd að frumkvæði Íslandsdeildarinnar á stjórnarnefndarfundi Evrópuþingsins í Madríd. Steingrímur J. Sigfússon fór fyrir hópnum en einnig eiga sæti í Íslandsdeildinni Ellert B. Schram og Guðfinna S. Bjarnadóttir.** - jse



**BLAÐBERINN** Endurvinnslutöskurnar hjálpa til við að halda utan um dagblöð í endurvinnslu. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Blaðberi Fréttablaðsins:

## Töskum dreift í Smáralind

**UMHVERFISMÁL Blaðberanum, endurvinnslutösku Fréttablaðsins, verður dreift í Smáralind í dag frá klukkan 13 til 18 og á morgun frá klukkan 12 til 16.**

**„Viðtökurnar eru framar öllu sem við bjuggumst við,“ segir Ásta Kristín Reynisdóttir, kynningarstjóri Fréttablaðsins, en nú þegar hefur rúmlega 50 þúsund Blaðberum verið dreift. „Til að byrja með dreifðum við Blaðberanum á fjölförnum stöðum en síðan hefur verið stríður straumur af fólki í Skaftahlíðina að sækja sér Blaðbera.“**

**Áfram verður hægt að sækja Blaðbera í afgreiðslu Fréttablaðsins í Skaftahlíð.** - ovd

### ÁTÖKIN Á GAZA

**Opinn fundur í Iðnó**

Félagið Ísland-Palestína stendur fyrir opnum fundi í Iðnó í dag undir yfirskriftinni „Fjöldamorðin á Gaza.“ Fundurinn hefst klukkan 16 og lýkur honum með kertafleytingu á Tjörninni þar sem fórnarlambanna á Gaza verður minnst.

### ÁRÉTTING

Böðvarsvaka sem haldin er í tilefni af 70 ára afmæli Böðvars Guðmundssonar, og sagt var frá í blaðinu í gær, verður á sunnudaginn kemur klukkan 17.00 í Íslensku óperunni.

# Ísraelar hunsa fyrirmæli öryggisráðsins

**Tveggja vikna árásir á Gazasvæðið hafa kostað nærri 800 manns lífið. Geir Haarde segir vítavert að Ísraelsstjórn taki ekki mark á öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Árásirnar hafi gengið alltof langt: „Þeir verða bara að hætta þessu.“**

**ÍSRAEL** „Ég tel að það sé vítavert af þeirra hálfu og vítavert að svara ekki kröfu alþjóðasamfélagsins um að gera þarna vopnahlé,“ segir Geir Haarde forsætisráðherra um framferði Ísraela, sem sögðust í gær ekki ætla að taka neitt mark á ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

„Það stendur líka upp á þá sú ásökun að þeir hafi brotið alþjóðlegar mannréttindareglur – meðal annars af hálfu alþjóðanefndar Rauða krossins þannig að þeir verða bara að hætta þessu – það er ekkert sem heitir,“ segir Geir.

Öryggisráðið samþykkti í fyrrinótt ályktun, þar sem þess var krafist að vopnahlé gengi án tafar í gildi á Gazasvæðinu. Ísraelar héldu engu að síður áfram heiftarlegum árásum sínum á íbúa þessa þéttbýla svæðis.

Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, sagði að Ísrael hefðu „aldrei fallist á að leyfa utanaðkomandi stofnun að ákveða um rétt landsins til að vernda öryggi borgara sinna“.

Ríkisstjórn Ísraels sendi síðan frá sér yfirlýsingu þar sem ályktun öryggisráðsins er ótvírætt hafnað. Stjórnin muni ekki fallast á vopnahlé og herinn verði ekki kallaður frá svæðinu fyrr en tryggt hafi verið að vopnasmygl frá Egyptalandi yfir á Gazasvæðið verði stöðvað.

Hamassamtökin hafa einnig hafnað ályktun Sameinuðu þjóðanna, þar sem í henni sé dreginn taumur Ísraels.

Ályktunin var samþykkt með fjórtán af fimmtán atkvæðum í öryggisráðinu, en Bandaríkin sátu hjá. Venjulega hafa Bandaríkin beitt neitunarvaldi til að koma í veg fyrir að öryggisráðið samþykki ályktanir sem Ísraelsríki fellst ekki á.

Í ályktuninni er fullyrt að Ísraelar hafi drepið að minnsta kosti 257 börn frá því að árásirnar hófust. Í gær höfðu árásirnar, sem staðið hafa í tvær vikur, kostað nærri 800 manns lífið og á fjórða þúsund manna voru særðir.

Geir Haarde fór í gær ekki leynt með afstöðu sína: „Mér finnst Ísraelsmenn hafa gengið allt of langt í sínum hernaði og hafa staðið fyrir algjörlega óréttlætanlegum árásum á Gazasvæðinu. Það er sama hvað líður skoðunum manna á því sem Hamashreyfingin hefur aðhafst þá eru þessi viðbrögð við eldflaugaárásum Hamashreyfingarinnar algjörlega úr hófi fram.“

gudsteinn@frettabladid.is, kolbeinn@frettabladid.is



**HUNDRUÐ BARNA DREPIN** Tvö þeirra barna, sem orðið hafa árásum Ísraela að bráð. NORDICPHOTOS/AFP



**MÓTMÆLI Á AUSTURVELLI** Þúsundir Íslendinga hafa mótmælt á Austurvelli á undanförnum vikum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Fjórtándi fundurinn:

## Mótmælt á Austurvelli

**MÓTMÆLI** Fjórtándi mótmælafundur Radda fólksins fer fram á Austurvelli í dag klukkan 15.

Fundarmenn vilja ríkisstjórnina burt og stjórnir Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins og að kosningar fari fram svo fljótt sem unnt er. Í tilkynningu frá Röddum fólksins segir að á undanförnum vikum hafi liðlega 40 manns flutt ávörp á Austurvelli. Á fundinum í dag munu Þorvaldur Þorvaldsson, trésmiður, Lilja Mósesdóttir, hagfræðingur og Lárus Páll Birgisson, sjúkraliði, flytja ávörp. - ovd

Mótmæli í Grikklandi:

## Hópur í átökum við lögreglu

**GRIKKLAND, AP Grímuklædd ungmenni lentu í átökum við lögregluþjóna í miðborg Aþenu í gær. Nokkurt hlé hefur verið á átökum undanfarið, en stjórnin hefur sagst ætla að taka hart á ofbeldi.**

**Þúsundir mótmælenda komu saman í miðborginni til að mótmæla breytingum á fyrirkomulagi skólamála. Minni hópur fór út úr mannsöfnuðinum og tók að kasta grjóti og eldi að lögreglumönnunum, sem brugðust við með táragasi og ljósblossasprengjum.**

**Hörð mótmæli urðu í Grikklandi í síðasta mánuði eftir að lögreglumaður varð unglingspilti að bana.** - gb






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**STÓRHRÍÐ Á FJÖLLUM NYRÐRA**

Það er harðavetur í kortunum næstu daga. Núna með morgninum er norðaustan hvassviðri eða stormur vestast á Vestfjörðum og með ströndum norðvestan til og síðar í dag hvessir einnig með norðurströnd landsins. Snjókoma verður nyrðra í dag en framan af degi má búast við skúrum fremur en éljum syðra. Úrkomulítið verður þar síðdegis. Yfirleitt verður úrkomulaust eystra.



**Á MORGUN**
8-13 m/s en hvassara við SA-ströndina síðdegis

**MÁNUDAGUR**
5-10 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 11° |
| Amsterdam | -1° |
| Basel | 0° |
| Berlín | 1° |
| Billund | 5° |
| Eindhoven | 0° |
| Frankfurt | -1° |
| Friedrichshafen | 4° |
| Gautaborg | 5° |
| Kaupmannahöfn | 5° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 3° |
| New York | 1° |
| Orlando | 25° |
| Osló | 2° |
| París | -1° |
| Róm | 13° |
| Stokkhólmur | 3° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

ILVA
einfaldlega betri kostur

**NÝTT KORTATÍMABIL**

# ÚTSALA

## RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

YFIR 1000 VÖRULIÐIR Á LÆKKUÐU VERÐI

© ILVA Ísland 2009



49.900,- SPARAÐU 18.000,-

59.900,- SPARAÐU 20.000,-

49.900,- SPARAÐU 18.000,-

**Squiz.** Svefnbekkur m/svampdýnu. 80x200 cm.
Stærð á rúmi: 160x200 cm.
Verð 67.900,- **NÚ 49.900,-**

59.900,- SPARAÐU 20.000,-

**Squiz.** Svefnbekkur m/springdýnu. 80x200 cm. Stærð á rúmi: 160x200 cm. **Verð** 79.900,- **NÚ 59.900,-**

allt að 60% af völdum listaverkum og speglum

**Málverk**, 90x90 cm. Verð 34.800,- nú 13.920,- SPARAÐU 20.880,-

**Frames**, 9x14 cm. Verð 890,- nú 490,- SPARAÐU 400,-

**Blossom**, barnasængurföt. 100x140 cm. Verð 3.900,- nú 1.990,- SPARAÐU 1.910,-

**Comfy**, baðsloppur. Verð 3.990,- nú 2.990,- SPARAÐU 1.000,-

**Comfy**, inniskór. Verð 990,- nú 790,- SPARAÐU 200,-

**Curve**. Skrifstofustóll, leður. Verð 77.900,- nú 49.900,- SPARAÐU 28.000,-

Mikið úrval skrifborðsstóla í verslun

**Costa**. Hægindastóll. Leður. Einnig til svartur. Verð 43.900,- nú 37.000,- SPARAÐU 6.900,-

**Emil**. Stækkanlegt rúm. Skúffa og dýna seld sér. Verð 29.900,- nú 19.900,- SPARAÐU 10.000,-

**Malena**, stóll. Verð 29.900,- nú 19.900,- SPARAÐU 10.000,-

**Dento**, motta. 170x240 cm. Verð 87.900,- nú 30.730,- SPARAÐU 57.170,-

allt að 65% af völdum mottum

**Endo.** Bolli m/ryðfríu stáli. Verð 1.690,- nú 990,- SPARAÐU 700,-

**Japan**, krús m/loki. H.31,5 cm. Verð 6.900,- nú 4.900,- SPARAÐU 2.000,-

**Japan**, kassi m/loki. 26x16 cm. Verð 4.900,- **Nú 3.590,-**

**Molly**, klósettbursti. Verð 3.990,-/stk. nú 1.990,-/stk SPARAÐU 2.000,-

HR
HAFLIÐI RAGNARSSON CHOCOLATIER

**ILVA kaffi**
Vaffla m/rjóma og kaffi / kókómjólk. **390,-**
Kleina og kaffi/kókómjólk. **200,-**

VISA Lán - VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

**www.ilva.is** shop online

ILVA sendum um allt land

**ILVA** Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík **s:** 522 4500
laugardag **10-18** sunnudag **12-18** mánudaga - föstudaga **11-19**

## KJÖRKASSINN



*Er rétt að gjörbylta starfsemi St. Jósefsspítala í Hafnarfirði?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 21% |
| NEI | 79% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Telur þú að kosið verði til Alþingis á þessu ári?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

vísir

Reiknað með mjög góðri afkomu lágvöruverðsverslunar Íslendinga í Bretlandi:

# Iceland búbót í breskri kreppu

**VIÐSKIPTI** „Síðasta ár var mjög gott hjá Iceland-keðjunni, sérstaklega um jólin,“ segir Gunnar Sigurðsson, forstjóri Baugs.

Iceland-keðjan selur frysta matvöru á lágu verði, sem þykir búbót í kreppunni sem þjakað hefur Breta upp á síðkastið.

Velta matvörukeðjunnar er áætluð tveir milljarðar punda, jafnvirði 380 milljarða króna, á yfirstandandi rekstrarári sem lýkur í febrúar. Þetta er tuttugu prósenta aukning milli ára. Þá er áætlað að rekstrarhagnaður aukist um allt að þrjátíu prósent.

Iceland-keðjan tilheyrði Big Food Group-samstæðunni sem Baugur keypti ásamt fleirum fyrir rétt um fimm árum. Eftir uppstokkun á samstæðunni varð Baugur stærsti hluthafi Iceland ásamt íslensku bönkunum og stjórnendum verslunarinnar. Uppstokkunin er skólabókardæmi um vel lukkaðan viðsnúning enda hafa helstu eigendur fengið margfalt kaupverð til baka í formi arðgreiðslna.



**MACOLM WALKER** Forstjóri og stofnandi Iceland-keðjunnar brosir í kampinn, eflaust ánægður með bætta afkomu í skugga þrenginga. FRÉTTABLAÐIÐ/HAFLIÐI

Gunnar segir ekki liggja fyrir hvort arður verði greiddur út vegna afkomunnar í fyrra. Áhersla hafi verið lögð á niðurgreiðslu skulda og sé verslunin nú lítið skuldsett.

Verslanir Iceland-keðjunnar eru 667 talsins auk 51 sem keypt var úr þrotabúi Woolworths fyrir jól. **- jab**

Sjö undur heims:

# Vatnajökull í atkvæðagreiðslu

**FERÐAÞJÓNUSTA Atkvæðagreiðsla fer fram á heimasíðunni new7wonders.com um sjö ný náttúruundur í heiminum og verður hægt að greiða atkvæði fram í júlí. Vatnajökull er á lista yfir tæplega 300 staði sem hægt er að kjósa sem eitt fallegasta náttúruundur í heiminum.**

**Framkvæmdin fer þannig fram að greidd eru atkvæði fram til 7. júlí um fallegustu staði í heiminum. Þá verða þeir 77 staðir sem flest atkvæði hafa fengið teknir úr og velur dómnefnd 21 stað og úr þeim hópi verða náttúruundrin sjö valin, þó ekki fyrr en árið 2011.** **- ghs**




# Losar fasteignasala undan siðareglum

**Með frumvarpi viðskiptaráðherra sem felur í sér afnám skylduaðildar að Félagi fasteignasala verður mönnum í sjálfsvald sett hvort þeir fylgja siðareglum segir framkvæmdastjóri félagsins. Ráðherrann geri sér ekki grein fyrir afleiðingum.**

**STJÓRNSÝSLA** „Maður er allt að því orðlaus. Viðskiptaráðherra leggur fram á Alþingi frumvarp þar sem gert er ráð fyrir því að fasteignasalar þurfi ekki að fara eftir þeim siðareglum sem þeim ber skylda að fylgja í sínum störfum í dag,“ segir Grétar Jónasson, framkvæmdastjóri Félags fasteignasala.



**GRÉTAR JÓNASSON**

Grétar vísar til frumvarps Björgvins G. Sigurðssonar viðskiptaráðherra sem ætlað er að tryggja neytendavernd og skýra réttarstöðu við sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fella niður núverandi skylduaðild fasteignasala að Félagi fasteignasala. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að vafi sé á því að gildandi ákvæði laga um skylduaðildina standist ákvæði stjórnarskrár um félagafrelsi. Til þess að svo væri þyrfti skylduaðildin að vera nauðsynleg til þess að félag geti sinnt lögmætu hlutverki vegna almannahagsmuna. Eftir sem áður munu fasteignasalar þurfa að fá löggildingu hjá sýslumanni.

Grétar bendir á að með því að fella niður skylduaðildina geti fasteignasalar komið sér undan því að starfa eftir siðareglum Félags fasteignasala. Bæði Neytendasamtökin og Húseigendafélagið segi þetta mikið hættuspil.

„Siðareglur eru alfa og omega allra fasteignaviðskipta. Ég held að viðskiptaráðherra sé á svo miklum yfirsnúningi á mörgu öðru að hann áttar sig varla á hvað hann er að gera og hvaða áhrif þetta kann að hafa. Maður hélt að það væri verið að byggja upp nýtt þjóðfélag, byggt á trausti og siðferðilegum gildum, og það er ótrúlegt að mönnum detti þá þetta í hug,“ segir Grétar sem gefur lítið fyrir þau rök að skylduaðildin standist ekki stjórnarskrána.

„Á sama tíma eru ákveðnir aðilar sem fara með viðskipti fyrir almenning, eins og til dæmis lögmenn, algerlega bundnir af því að fara eftir siðareglum og það er sérstök eftirlitsnefnd sem fylgist með því. Núna um áramótin skyldaði löggjafinn endurskoðendur að vera í Félagi endurskoðenda að því að það er talið nauðsynlegt að þeir fylgi samræmdum siðareglum. Ekki einn einasti þingmaður gerði athugasemd við þá skylduaðild, ekki einu sinni Björgvin G. Sigurðsson. Og nú á að fara þveröfuga leið varðandi fasteignasala og lögleiða það ástand að fasteignaviðskipti geti verið siðlaus þótt þau sé lögleg.“ **gar@frettabladid.is**



**BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON** Félag fasteignasala er ósátt við nýtt frumvarp viðskiptaráðherra. Framkvæmdastjóri félagsins telur að væntanleg lög muni leiða til þess að fasteignasalar þurfi ekki að fara eftir siðareglum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fimmtán ára piltar réðust að tólf ára dreng og áreittu kynferðislega:

# Fólki er rosalega brugðið

**DÓMSMÁL** „Fólki er auðvitað rosalega brugðið,“ segir Ragnar Sigurðsson umsjónarmaður íþróttahússins í Þorlákshöfn, þar sem þrír fimmtán ára piltar neyddu tólf ára dreng í sameiningu til að gangast undir grófa kynferðislega áreitni. Tveir piltanna héldu drengnum föstum. Sá þriðji leysti niður um sig, beraði kynfæri sín fyrir honum, otaði þeim að andliti hans og sló hann með þeim ítrekað í andlit og hendur.

Piltarnir voru dæmdir í Héraðsdómi Suðurlands til að greiða fórnarlambinu 100 þúsund krónur í miskabætur. Þeim var ekki gerð refsing vegna ungs aldurs en eru á skilorði.

Sá piltanna sem gekk lengst í athæfinu gegn drengnum sagði fyrir dómi að svona lagað gerðist margoft í fótbolta með yngri krökkum. Hann hefði séð bekkjarfélaga sína slá yngri nemendur á hans aldri eða ári eldri, í sturtunni eftir fótboltaleiki. Hann nefndi jafnframt framhaldsskóla til sögunnar.



**ÞORLÁKSHÖFN** Þrír fimmtán ára piltar hafa nú hlotið dóm í Héraðsdómi Suðurlands eftir að þeir réðust á tólf ára dreng í íþróttahúsinu í Þorlákshöfn.

„Ég hef aldrei heyrt þetta fyrr og við höfum aldrei orðið vör við svona lagað í íþróttahúsinu, hvorki fyrr né síðar. “ segir Ragnar. „Ég spurðist víða fyrir eftir að þetta kom upp. Peyjar og ungir menn kannast jú við í íþróttunum að dangla utan í lærið hver á öðrum í sturtu eða eitthvað svoleiðis. Þetta er einhver fíflagangur og stríðni.

En það kannast enginn við svona nokkuð. Þetta sem þarna átti sér stað var af allt öðrum toga, því þetta var gróf nauðungaraðgerð. Þetta er ekki eitthvað sem er daglegt brauð í íþróttahúsinu hjá mér né annars staðar. Þetta er einstakt tilfelli, fordæmalaus atburður sem á sér stað, en á ekki að gerast.“

Ragnar segir mikið eftirlit með því sem fram fer í íþróttahúsinu. Hins vegar sé ekki hægt að vera alls staðar á sama tíma.

„Enda dettur engum í hug að svona nokkuð geti átt sér stað,“ segir hann. „Maður er kjaftstopp.“ **- jss**




# Barnastarf kirkjunnar

## fyrir alla krakka!

### Reykjavík og Seltjarnarnes

**Árbæjarkirkja**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.arbaejarkirkja.is

**Áskirkja**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.askirkja.is

**Breiðholtskirkja**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.breidholtskirkja.is

**Bústaðakirkja**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.kirkja.is

**Fella- og Hólakirkja**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.fellaogholakirkja.is

**Dómkirkjan**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.domkirkjan.is

**Grafarholtskirkja**
Alla sunnudaga kl. 11 í Guðríðarkirkju
Nánar á www.kirkjan.is/grafarholtssokn

**Grafarvogskirkja**
Alla sunnudaga kl. 11 í kirkjunni
og í Borgarholtsskóla
Nánar á www.grafarvogskirkja.is

**Grensáskirkja**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.kirkjan.is/grensaskirkja

**Háteigskirkja**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.hateigskirkja.is

**Hallgrímskirkja**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.hallgrimskirkja.is

**Langholtskirkja**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.langholtskirkja.is

**Laugarneskirkja**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.laugarneskirkja.is

**Neskirkja**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.neskirkja.is

**Óháði söfnuðurinn**
2. og 4. sunnudag hvers mánaðar kl. 14
Nánar á www.ohadisofnudurinn.is

**Seljakirkja**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á seljakirkja.is

**Seltjarnarneskirkja**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.seltjarnarneskirkja.is

### Kópavogur

**Digraneskirkja**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.digraneskirkja.is

**Hjallakirkja**
Alla sunnudaga kl. 13
Nánar á www.hjallakirkja.is

**Kópavogskirkja**
Alla sunnudaga kl. 11
í safnaðarheimilinu Borgum
Nánar á www.kopavogskirkja.is

**Lindakirkja**
Alla sunnudaga kl. 11 í Lindakirkju
Nánar á www.lindakirkja.is

### Garðabær og Hafnarfjörður

**Ástjarnarkirkja**
Alla sunnudaga kl. 11 að Kirkjuvöllum 1
Nánar á www.astjarnarkirkja.is

**Bessastaðasókn**
Alla sunnudaga kl. 11 í sal Álftanesskóla

**Fríkirkjan í Hafnarfirði**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.frikirkja.is

**Hafnarfjarðarkirkja**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is

**Vídalínskirkja**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.gardasokn.is

**Víðistaðakirkja**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.vidistadakirkja.is

### Mosfellsbær og Vestmannaeyjar

**Mosfellsprestakall**
Alla sunnudaga kl. 13 í Lágafellskirkju
Nánar á www.lagafellskirkja.is

**Landakirkja í Vestmannaeyjum**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.landakirkja.is

Komdu og kíktu í fjársjóðskistuna!

Þú færð Fjársjóðsbókina í sunnudagaskólanum!

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Þjóðarrétti hvaða lands býður nýi veitingastaðurinn Kitchen við Laugaveg upp á?*

2 *Hversu margir Íslendingar eru skráðir á Fésbókina (Facebook) á netinu?*

3 *Hver er áhættuleikari fyrir breska popparann James Morrison?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46.

Rod Blagojevich, ríkisstjóri í Illinois, ákærður til embættismissis:

# Misnotkun valds sögð sönnuð

**BANDARÍKIN, AP** Neðri deild ríkisþingsins í Illinois samþykkti í gær að ákæra Rod Blagojevich ríkisstjóra til embættismissis.

Öldungadeild þingsins þarf nú að taka afstöðu til þess, hvort reka eigi Blagojevich úr embætti fyrir spillingu og misnotkun valdastöðu sinnar. Aldrei áður hefur ríkisstjóri í Illinois verið ákærður til embættismissis.

„Það er skylda okkar að hreinsa upp ósómann og stöðva skrípasýninguna sem stjórn Illinois er orðin að," sagði einn þingmanna, demókratinn Jack D. Franks.

Rannsókn þingmanna neðri deildar leiddi í ljós sannanir fyrir því að Blagojevich hefði misnotað völd sín, meðal annars með því að fara ekki rétt með skattfé, hrinda verkefnum í framkvæmd án þess að hafa til þess samþykki þingsins og brjóta gegn ráðningarlögum ríkisins.



**ROD BLAGOJEVICH** Sakaður um að hafa boðið þingsæti Baracks Obama til sölu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Blagojevich er einnig sakaður um að hafa reynt að bjóða þingsæti Baracks Obama í öldungadeild Bandaríkjaþings í skiptum fyrir pólitíska greiða. Hann neitar öllum þessum ásökunum og segist sannfærður um að öldungadeildin muni komast að annarri niðurstöðu en neðri deildin.

Hann fékkst þó ekki til að bera vitni fyrir rannsóknarnefnd þingsins, og hefur heldur ekki gefið neinar skýringar á verkum sínum. **- gb**

Framsóknarmenn á Akranesi:

## Vilja að Gísli verði áminntur

**STJÓRNMÁL** Nýafstaðinn aðalfundur Framsóknarfélags Akraness, vill að Gísli S. Einarsson bæjarstjóri verði áminntur fyrir að segja upp fulltrúum í tólf nefndum sveitarfélagsins. Uppsagnirnar komu til vegna breytinga á stjórnskipulagi bæjarins.

Framsóknarmenn átelja framkvæmd breytinganna sem þeir telja brjóta í bága við lög um skyldur sveitarfélaga. Þá dragi þær úr lýðræði. Afturkalli bæjarstjórn ekki uppsagnirnar og áminni Gísla hvetja framsóknarmenn minnihluta bæjarstjórnar til að leggja fram stjórnsýslukæru vegna málsins. **- bþs**



**FALLEG STUND** „Þetta var mjög falleg stund," segir Bragi Bjarnason þjálfari um minningarstund á slysstaðnum þar sem Guðjón Ægir Sigurjónsson hlaupari lést. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL

Minningarhlaup á Selfossi:

## Hlaupið til minningar um Guðjón Ægi

**MINNING Um hundrað hlauparar á Suðurlandi, hópur úr hlaupahópnum Frískum Flóamönnum, fjölskylda, vinir og nærsveitarmenn, hlupu á fimmtudagskvöldið minningarhlaup um Guðjón Ægi Sigurjónsson sem lést í bílslysi nýlega.**

**Bragi Bjarnason þjálfari segir að lagt hafi verið af stað frá sundlauginni og hlaupið í lögreglufylgd að slysstaðnum. Þar var kveikt á friðarkertum, blóm lögð á slysstað og haldin kyrrðarstund. „Þetta var mjög falleg stund," segir hann.** **- ghs**

**VESTURLAND**

### Rektor vill sameiningu

Ágúst Einarsson, rektor Háskólans á Bifröst, hefur lagt til að Akranes, Borgarbyggð, Hvalfjarðarsveit og Skorradalshreppur sameinist í einu sveitarfélagi. Bæjarráð Akraness segist reiðubúið til viðræðna um sameiningarmál ef þess verði óskað en byggðaráð Borgarbyggðar segir ekki tímabært að taka afstöðu til sameiningar.

# Samfélagsverðlaun veitt í fjórða sinn

**Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins eru veitt einstaklingum eða félagasamtökum sem lagt hafa sitt af mörkum til að bæta samfélagið. Fréttablaðið hvetur lesendur til að hafa áhrif á valið með því að senda inn tillögur að verðlaunahöfum.**

**VERÐLAUN** Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt nú í lok febrúar og er þetta í fjórða sinn sem þau eru veitt. Markmið verðlaunanna er að heiðra þá sem lagt hafa sitt af mörkum til að bæta samfélagið á einhvern hátt. Leitað er til lesenda blaðsins og þeir beðnir að senda inn tilnefningar að verðlaunahöfum. Verðlaunin skiptast í fimm flokka.

Fyrsti flokkurinn nefnist Hvunndagshetjan. Þau verðlaun koma í hlut einstaklings sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

Annar flokkurinn kallast Frá kynslóð til kynslóðar. Þar koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

Til atlögu gegn fordómum nefnist þriðji flokkurinn og geta þau verðlaun fallið hvort sem er einstaklingi eða félagasamtökum í hlut.

Heiðursverðlaun hreppir einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi. Fimmti og síðasti flokkurinn nefnist Samfélagsverðlaunin og eru þau verðlaun veglegust. Ein milljón króna rennur þar til félagasamtaka sem unnið hafa framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og hafa lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir alla.



**GÓÐVERKIN VERÐLAUNUÐ** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, afhenti Hjálpræðishernum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á síðasta ári fyrir hundrað ára starf hérlendis í þágu þeirra sem minna mega sín. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Allir, félagasamtök sem einstaklingar, þekktir og óþekktir, sem eiga skilið virðingarvott fyrir gjörðir sínar og framgöngu koma til greina sem verðlaunahafar.

Dómnefnd Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins er í ár skipuð þeim Elliða Vignissyni, bæjarstjóra í Vestmannaeyjum, Guðjóni Friðrikssyni sagnfræðingi, Hildi Petersen, stjórnarformanni Kaffitárs og Pfaff, Katrínu Jakobsdóttur alþingismanni og Steinunni Stefánsdóttur, aðstoðarritstjóra Fréttablaðsins, sem jafnframt er formaður dómnefndar.

Steinunn segir verðlaunin hafa verið mörgum einstaklingum og félagasamtökum hvatning síðustu þrjú ár. „Það hefur oft verið gaman að sjá hvað útnefning til Samfélagsverðlauna kemur fólki á óvart. Margir vinna sín störf í hljóði og búast hreint ekki við því að eftir þeim sé tekið. Í ár verða verðlaunin svo veitt í allt annars konar samfélagi en árin þrjú á undan. Það verður óneitanlega breyting og ekki síður ánægjulegt og gagnlegt að veita slík verðlaun í þessu árferði," segir Steinunn.

Lesendur geta sent tilnefningar sínar til Samfélagsverðlaunanna á hlekk á Vísi.is, www.visir.is/samfelagsverdlaun. Sömuleiðis má senda tilnefningar á netfangið samfelagsverdlaun.is eða bréf í pósti merkt Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105, Reykjavík. Skilafrestur er til hádegis mánudaginn 26. janúar. **kjartan@frettabladid.is**

Formaður eldri borgara:

## Fagnar aðgerðum Guðlaugs

**STJÓRNMÁL Helgi K. Hjálmsson, formaður Landssambands eldri borgara, telur fulla þörf á að húsakynni St. Jósefsspítala verði nýtt fyrir öldrunarþjónustu. Hann fagnar breytingum Guðlaugs Þórs Þórðarsonar heilbrigðisráðherra á heilbrigðisþjónustunni.**

**„Öldrunarþjónustan þarf að vera í góðu lagi og klárlega hefur vantað hjúkrunaraðstöðu fyrir aldraða," segir Helgi. Breytingar á borð við þær sem ráðherra boði njóti jafnan óvinsælda en ekki sé vanþörf á að stokka upp. „Ef rétt er að suður í Keflavík séu nýjar og lítið notaðar skurðstofur þá er um að gera að nota þær. Þangað er engin vegalengd," segir Helgi.** **- bþs**

Guðmundur Árnason:

## Í sérverkefni fyrir stjórnvöld

**STJÓRNSÝSLA** Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytisins, hefur verið ráðinn til að fylgja eftir ákvörðunum og aðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna fjármálahrunsins. Mun hann gegna starfinu næsta hálfa árið.



**GUÐMUNDUR ÁRNASON**

Halldór Árnason, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu, gegnir embætti ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytisins á meðan. Ragna Árnadóttir, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, tekur við stöðu Halldórs í forsætisráðuneytinu. **- bþs**


BHS Borgarholtsskóli
bóknmennt • handmennt • siðmennt

**Kvöldskóli BHS**

Borgarholtsskóli býður kvöldskólanám í málm- og véltæknigreinum.

**Eftirtaldar greinar verða í boði:**
**Málmsuða:** HSU, LSU, RLS og RSU
**Málmsmíðar:** HVM, PLV, VVR og REN
**Teikningar:** GRT, CAD, TTÖ og ITM
**Véltækni:** AVV og VÖK



Kennt er virka daga frá 18:10 til 22:30 og laugardaga frá 8:10 til13:50
**Innritun verður 8. og 9. janúar kl. 17 – 19,10. janúar kl. 11 – 14**
**Kennsla hefst 12. janúar**

**Innritun lýkur í dag**

Nánari upplýsingar eru á www.bhs.is og í síma 535 1716


Líkur á samningi við sprotafyrirtæki í næstu viku:

# Milljarðar til nýsköpunar

**NÝSKÖPUN** „Ef allt gengur upp er að verða til sjóður [Frumtak] sem getur styrkt íslenskt atvinnulíf næstu fimm til sjö árin með hálfum sjötta milljarði króna," sagði Össur Skarphéðinsson, iðnaðar- og sprotamálaráðherra, í ávarpi sínu um Tækniþróunarsjóð og starfsemi sprotafyrirtækja í Ráðhúsinu í Reykjavík í gær.



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**

Frumtak er samlagssjóður sem fjárfestir í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum sem þykja vænleg til vaxtar og útrásar.

Að sjóðnum standa hið opinbera, bankarnir þrír og sex stærstu lífeyrissjóðir landsins. Í honum eru 4,2 milljarðar króna, þar af 1,5 milljarðar af Símapeningunum svokölluðu.

Össur sagði viðræður hafa staðið yfir við evrópska aðila frá síðasta ári og megi búast við að einn milljarður króna bætist í sjóðinn síðar á árinu gangi allt eftir.

Þá stefnir allt í að Frumtak undirriti fyrsta samstarfssamning sinn í næstu viku, að sögn Össurar.

Ráðherrann kynnti jafnframt nýjar áherslur Tækniþróunarsjóðs sem gera honum kleift að fjárfesta í allt að tólf nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum, sem mislangt eru á veg komin með verkefni sín, á hverju ári. **- jab**

# 40%

## afsláttur af öllum vörum




BOSS HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

Van Gils

HUGO HUGO BOSS

CANALI

FINUCCI collezione

gardeur

bugatti

MABRUN

TINO COSMA

PAL ZILERI

LLOYD

POLO RALPH LAUREN



B&S KONUR

B&S Kringlunni | 553 4141

herra GARÐURINN -klæðir þig vel

KRINGLAN - SMÁRALIND

568 9234 544 2410

HUGO BOSS

HUGO BOSS | KRINGLUNNI 533 4242

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 138 **Velta:** 251 milljóni

**OMX ÍSLAND 15** 334 **-3,18%**

**OMX ÍSLAND 6** 884 **-5,51%**

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** | 1,94% |
| **CENTURY ALUMIN.** | 1,77% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **STRAUM.-BURÐA.** | 26,57% |
| **BAKKAVÖR** | 4,04% |
| **MAREL FOOD SYST.** | 3,29% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,15 +0,00% ... Atlantic Airways 171,00 +0,00 ... Atlantic Petroleum 626,00 -0,64% ... Bakkavör 1,90 -4,04% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,58 +1,94% ... Føroya Banki 117,50 -0,84% ... Icelandair Group 13,25 +0,00% ... Marel Food Systems 76,50 -3,29% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 1,05 -26,57% ... Össur 96,70 -0,10%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Skilanefnd notar Seðlabankagengið

„Meginregla skilanefndar Kaupþings í framvirkum gjaldmiðlasamingum almennt er að þegar þeir eru á gjalddaga sé miðað við skráð gengi Seðlabanka Íslands. Það er eina gengið sem við getum notað,“ segir Steinar Þór Guðgeirsson, formaður skilanefndar gamla Kaupþings.



**STEINAR ÞÓR GUÐGEIRSSON**

Kjalar er að lang mestu leyti í eigu Ólafs Ólafssonar. Hann krefst þess að framvirkir gjaldmiðlasamningar sínir í gamla Kaupþingi, verði gerðir upp á gengi evrópska seðlabankans. Kjalar átti tíu prósent í Kaupþingi og er auk þess stór hluthafi í ýmsum félögum.

Gjalddagi samninganna var 14. október. Þá kostaði evran 305 krónur hjá evrópska seðlabankanum. Kjalar fullyrðir að í gjaldmiðlasamningnum segi að miða eigi við markaðsgengi, en ekki hafi verið markaður með krónuna hjá Seðlabanka Íslands þennan dag, heldur hafi genginu verið handstýrt. Kjalar hafi átt 650 milljónir evra í þessum samningum. Hefði Kaupþing keypt evrurnar á fyrirfram umsömdu gengi, þá hefðu margir verið tilbúnir til þess að kaupa þær þá.

Kjalar hefði fengið hátt í 200 milljarða króna og innleyst töluverðan gjaldeyrishagnað með því að selja áfram. Ekki hefur komið fram á hvaða gengi Kjalar keypti evrurnar upphaflega.

„Við getum ekki staðið í því að vera að semja um vísitölur. Það verður eitt að ganga yfir alla,“ segir Steinar Guðgeirsson. Til að mynda lífeyrissjóðir og sjávarútvegsfyrirtæki. Hagsmunirnir séu ólíkir og hugmyndirnar um vísitölu einnig.

Kjalar segist ekki geta farið í mál vegna neyðarlaganna. Hins vegar ætli félagið að hætta að greiða af lánum sínum og bíða þess að farið verði í mál við félagið og þá muni það flytja sitt mál.

Steinar Guðgeirsson bendir á skuldbindingar íslenskra félaga við gamla Kaupþing hafi farið til nýja bankans. Hann geti ekki tjáð sig um málefni hans.

**- ikh**

# Commerzbank þjóðnýttur að hluta

Stjórnvöld í Þýskalandi veittu Commerzbank neyðarlán upp á tíu milljarða evra, jafnvirði 1.700 milljarða króna, úr sérstökum neyðarsjóði fyrir fjármálafyrirtæki þar í landi í vikunni. Ríkið tók í staðinn fjórðungshlut í bankanum.

Þetta er í annað skiptið sem bankinn leitar ásjár þýska ríkisins eftir hremmingar í fjármálakreppunni.

Að sögn þýska dagblaðsins Spiegel reyndust kaup Commerzbank á Dresdner-banka í enda ágúst í fyrra erfiðari en til stóð og þurfti hann á auknu fé að halda til að laga lausafjárstöðuna.

FL Group keypti rúman fjögurra prósenta hlut í nokkrum skrefum frá fyrrihluta árs 2007 en tók að losa sig við hann síðla árs með milljarða tapi.

Áætlað meðalgengi bréfa í bankanum stóð í kringum 27,5 evrum á hlut þegar FL Group kom í hluthafahópinn. Þýska ríkið fékk bréfin hins vegar á sex evrur á hlut. Þau tóku þó ekki að lækka verulega fyrr en í ágúst í fyrra í kjölfar hremminga á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.



**FUNDAÐ UM BANKAKAUPIN** Kaup Commerzbank á Dresdner-banka í ágúst reyndist þungur baggi og neyddist hann til að sækja sér aur í neyðarsjóð þýska ríkisins í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

**- jab**

# Seðlabanki Evrópu vill auka eftirlit með fjármálageiranum

Fjármálamarkaðir eru enn viðkvæmir þrátt fyrir samhentar og stórtækar aðgerðir ríkisstjórna og seðlabanka heimsins til að slá á lausafjárþurrð fjármálakerfisins.

Þetta sagði Jean-Claude Trichet, bankastjóri evrópska seðlabankans, á ráðstefnu um framtíð alþjóðavæðingarinnar sem haldin var í París í Frakklandi í gær.

Trichet sagði, að þrátt fyrir að ástandið á evrópskum fjármálamörkuðum sé enn viðkvæmt hafi aðgerðirnar reynst vel og komið í veg fyrir hrun fjármálakerfisins. Bankinn hafi í hyggju að auka eftirlit með fjármálageiranum með það fyrir augum að styrkja kerfið svo það geti staðið af sér viðlíka högg og hafi dunið á því síðasta árið.

„Á þessu stigi erum við aðeins að skoða málið,“ sagði seðlabankastjórinn og bætti við að möguleikinn á því væri fyrir hendi náist samstaða um málið.

Reuters-fréttastofan segir ekki samstöðu um hlutverk seðlabankans um málið. Í nokkrum löndum sé svo litið á að hlutverk seðlabankans sé að sinna eftirlitshlutverki með fjármálageiranum á meðan aðrir telji það eiga að vera á hendi sérstakra stofnana.



**FUNDAÐ UM KAPÍTALISMANN** Bankastjóri evrópska seðlabankans, sem hér sést á stórum skjá, segir bankann íhuga að auka eftirlit með fjármálageiranum. Slíkt geti varið fjármálafyrirtæki gegn áföllum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**- jab**


# Styrkir

Orkurannsóknasjóður Landsvirkjunar auglýsir:

## til að efla rannsóknir á sviði umhverfis- og orkumála

PI PAR • SÍA • 90032

Markmið sjóðsins er að veita styrki til námsmanna og rannsóknarverkefna á vegum háskóla, stofnana, fyrirtækja og einstaklinga. Styrkveitingar sjóðsins miða að því að gera fjárframlög Landsvirkjunar til rannsókna skilvirkari og sýnilegri, og tryggja að þær rannsóknir sem sjóðurinn styrkir samrýmist umhverfisstefnu Landsvirkjunar.

**Auglýst er eftir umsóknum um námsstyrki og verkefnastyrki.**

**Umsóknarfrestur er til 15. janúar**

**Styrkir til nemenda í meistara- eða doktorsnámi:**

Styrkir til efnilegra nemenda sem áforma eða stunda meistara- eða doktorsnám á sviði umhverfis- eða orkumála.

**Styrkir til rannsókna á sviði umhverfis- og orkumála:**

Almenn rannsóknarverkefni á sviði umhverfis- og orkumála. Styrkir eru veittir til hluta þess kostnaðar sem hlýst af vinnu sérfræðinga, þátttöku meistara- og doktorsnema, og öðrum útgjöldum.

Að þessu sinni eru í heild allt að 46 m.kr. til ráðstöfunar, allt að 38 m.kr. til rannsóknarverkefna á sviði umhverfis- og orkumála, og allt að 8 m.kr. til styrkja fyrir 10–15 nemendur í meistara- og doktorsnámi.

Umsækjendur þurfa að leggja fram lýsingu á rannsóknarverkefni sínu, og rökstuðning fyrir því að verkefnið tengist markmiðum sjóðsins. Tengingar við umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar um þau gögn sem fylgja eiga umsókn er að finna á vefsíðu Landsvirkjunar, **www.lv.is**.

Umsóknum ásamt fylgigögnum skal skila rafrænt á netfang sjóðsins: **orkurannsoknasjodur@lv.is**.

Fyrirspurnir má senda á netfangið orkurannsoknasjodur@lv.is. Umsóknarfrestur er til **15. janúar 2009**. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Landsvirkjun er orkufyrirtæki sem leggur grunn að nútíma lífsgæðum. Fyrirtækið stefnir að því að verða öflugt á alþjóðavettvangi og starfar af ábyrgð í anda sjálfbærrar þróunar.

Landsvirkjun er helsti raforkuframleiðandi á Íslandi og í forystu fyrir byggingu orkuvera sem hafa verið meðal stærstu framkvæmda á landinu.

Landsvirkjun styðst við fjölbreytt rannsóknarstarf á sviði náttúruvísinda, verkfræði og orkumála, og rekur umfangsmikla fjármálastarfsemi á alþjóðamarkaði.

Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum starfa rúmlega 200 manns með fjölbreytta menntun. Landsvirkjun vill vera í fararbroddi í framsækinni stjórnun og leggur áherslu á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Landsvirkjun

HÚSGAGNAHÖLLIN

STÓRGLÆSILEG

# ÚTSALA

# Í FULLUM GANGI

ALLT AÐ **60%** AFSLÁTTUR



**50%** AFSLÁTTUR

**DENVER**
hornsófi 255 x 255 D:90 H:68 cm mara beige.

**HORNSÓFI**
**139.990**
VERÐ ÁÐUR KR. 279.980



**40%** AFSLÁTTUR

**MAX** eldhússtóll, fæst svartur eða hvítlakkaður.

**ELDHÚSSTÓLL**
**4.999**
VERÐ ÁÐUR: 8.980



**50%** AFSLÁTTUR

**JAYDEN** 2 sæta sófi
B:165 D:94 H:90 cm

**JAYDEN** 3 sæta sófi
B:222 D:94 H:90 cm

**JAYDEN** stóll
B:108 D:94 H:90 cm
kr. **49.990** áður kr. ~~99.980~~

**JAYDEN** skemill
B:70 D:56 H:45 cm
kr. **29.990** áður kr. ~~59.980~~

**2 SÆTA**
**74.980**
VERÐ ÁÐUR: 149.980

**3 SÆTA**
**84.980**
VERÐ ÁÐUR: 169.980



**40%** AFSLÁTTUR

**ASPEN** la-zy-boy stóll B:85 D:85 H:104 cm. Svartur, hvítur, brúnn, vínrauður. Leður á slitflötum.

**LA-Z-BOY**
**83.980**
VERÐ ÁÐUR: 139.980

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ:** virka daga 10 – 18 • Laugardaga 12 – 18 • Sunnudaga 13 – 17

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Margar raddir heyrast.

## Skoðanafabrikkur samfélagsins

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Margir þeirra sem nú eru á miðjum aldri lifa enn í þeim hugmyndaheimi að fjölmiðlar okkar tíma tali hver fyrir sig einni röddu. Þetta eru leifar sem hafa steingervst í hugum þeirra sem ólust upp við flokkslínur. Sannleikurinn megnar ekki að frelsa þá: fjölmiðlar okkar tíma eru margradda, opnari fyrir skoðanaskiptum flestir. Gáttir, heimasíður, tímarit, opnir útvarpsþættir, umræðusíður dagblaðanna sem eftir tóra: samastaðir opinnar umræðu eru margir. Það eru helst sjónvarpsstöðvarnar sem eru reyrðar í klafa lokaðra dagskrárkerfa og eru fyrir bragðið að daga uppi í hefðbundnum fíneríheitum. það er því rangt að tala um „fjölmiðlana“ sem eina rödd, einsleitt fyrirbæri og gera því skóna að þar sé smíðuð ein silfruð skoðun, háheilagur tilbúinn „sannleikur“, fabrikkeraðar skoðanir.

Margradda samfélag í fjölmiðlun landsins þrífst ekki vel ef einstaklingarnir þora ekki að koma fram undir sínu rétta nafni. Nafnleysið var lengi vel viðurkennd aðferð í skoðanaskiptum: grímuklæddur mótmælandi, nafnleysingi á bloggi og Staksteinar Moggans eru allir af sama meiði, úr óttafullu launsátri vega nafnleysingjarnir að hvaða skotspæni sem þeim sýnist. Til þess njóta menn skálkaskjóls ritstjórna, til dæmis á Eyjunni og í Mogganum.

Skoðanir fjölmiðla eru ekki fabrikkeraðar lengur eins og iðnaðarráðherra heldur fram á bloggi sínu. Þær spretta úr önn dagsins, gæddar lífi og hugsun, knúðar siðlægum gildum. Færðar í orð eins og best hentar erindinu og ástæðunni. Sá vandláti má hneykslast á orðavali og ákafa, rétt eins hneykslast má á hinum settlegu sem klæða hugsun sína í hinn hefðbundna vaðal sem á endanum geymir klið hlutleysis eins og úr munninum hlaupi baðmullarhnoðrar sem á endanum fylla rúmið og kæfa alla viðstadda með mjúkri þöggun. Þá gjaldfalla orðin og verða máttlaus.

Þögnin er um þessar mundir afar virk í íslensku samfélagi, einkum að hálfu þeirra sem búa við stjórnsýslulega ábyrgð. Hún er skipuleg og stefnir samfélaginu öllu í voða. Hún kallar fram ásakanir um getuleysi og vanhæfi þeirra sem með völdin hafa. Hjá þögninni sitja svo systur hennar ábyrgðarleysi og valdhrokinn. Tvær stærstu stjórnmálahreyfingar landsins treysta svo völdum sínum að þær halla sér frekar að þögninni, samskiptaleysinu við umbjóðendur sína, en hreinskiptu samtali. Það var því ámátlegt að skorið var á fyrstu og einu umræðu leiðtoga stjórnmálaflokkanna í beinni útsendingu á gamlársdag. En það er líka til marks um lítilvægt hlutverk hinna sjónrænu fjölmiðla að bæði fyrir og eftir þann fund hefur ekki verið ráðist í að kalla þá í slíkan þátt aftur.

Stjórnvöld sem starfa með þögnina sem meginstjórntæki sitt eru sjaldan langlíf í harðindaárum. Skoðanafabrikkur samfélagsins – almenningur – vilja eiga opinská skoðanaskipti við stjórnmálamenn um úrlausnir stórra mála jafnvel þótt tönnlast sé á orðunum „þið eruð ekki þjóðin“ eins og barnaskólakennari ávíti börn. Enda langt síðan stjórnmálamenn og opinberir ábyrgðarmenn hafa staðið við svo djúpa gjá. Og það ber vott um stjórnmálalega flónsku að álykta að sitjandi fulltrúar þjóðarinnar fái áfram umboð til þannig vinnubragða.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

BARNA- OG UNGLINGA-NÁMSKEIÐ Í AIKIDO
Ný námskeið eru að hefjast fyrir börn og unglinga.
**Allar upplýsingar á www.aikido.is eða í símum: 840-4923 669-9374**
*Aikido er bardagalist fyrir fólk á öllum aldri sem hefur áhuga á að læra eitthvað nýtt.*

WWW.AIKIDO.IS
AIKIKAI REYKJAVÍK
AIKIDO

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fréttnæmt

Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra tilkynnti um sameiningu heilbrigðisstofnana. Sú ráðstöfun hefur vakið mikla óánægju og ráðherrann fengið yfir sig holskeflu gagnrýni, ekki síst frá starfsfólki innan heilbrigðisgeirans. Þeim sjónarmiðum hafa ekki verið gerð skil á heimasíðu heilbrigðisráðuneytisins. Ekki eru þó allir óánægðir með skipulagsbreytingar heilbrigðisráðherra. Starfsfólk á heilsugæslustöðinni í Ólafsvík sendi frá sér ályktun þar sem það fagnar sameiningu heilbrigðisstofnana á Vesturlandi og segir það skapa sóknarfæri til að þróa heilsugæsluna. Heilbrigðisráðuneytið greinir frá þessu á vef sínum.



### Tímabundin aðgerð?

Yfirvofandi niðurskurður í heilbrigðiskerfinu nemur um það bil sjö milljörðum króna. Guðlaugur Þór hefur sagt niðurskurðinn óhjákvæmilegan vegna fjármálakreppunnar; þetta sé illskásti kosturinn. Ráðamenn hafa aftur á móti verið duglegir að fullvissa þjóðina um að þótt það harðni á dalnum í ár komum við til með að rétta úr kútnum innan skamms og verða jafnvel sterkari eftir. Má þá búast við að þessum sjö milljörðum, eða jafnvel meira, verði veitt aftur til heilbrigðismála áður en langt um líður?



### Réttnefni?

DV birtir í helgarblaði sínu mikla úttekt á risi og falli Finns Ingólfssonar framsóknarmanns og segir hann hafa farið í stjórnmál til að auðgast. Yfirskrift DV er „Kafbáturinn Finnur Ingólfsson“ og vísar til þess að hann lúri undir niðri, þar sem enginn sér hann, og véli um þar – sé nokkurs konar machiavelskur kolkrabbi.

Margir þeir sem hafa lagt lag sitt við Finn hafa hins vegar ekki átt glæsta framtíð fyrir sér í flokknum. Því er spurning hvort kafbátur sé réttnefni; er Finnur ekki frekar tundurduflið sem engu eirir?

**bergsteinn@frettabladid.is**
**kolbeinn@frettabladid.is**

## Út úr öngstrætinu



EYGLÓ HARÐARDÓTTIR
**Í DAG** | Greiðsluerfiðleikar

Óveður ríkir í íslensku efnahagslífi. Neyðarástand er að skapast á þúsundum heimila í landinu og gjaldþrot blasir við mörgum þeirra. Atvinnulausir eru orðnir yfir 10 þúsund og enn fleiri ráða ekki við greiðslubyrði sína. Fjöldi fyrirtækja á í miklum greiðsluerfiðleikum og spáir Creditinfo Ísland að á fjórða þúsund fyrirtækja verði gjaldþrota á næstunni.

Viðbrögð ríkisins við þessu ástandi hafa verið að hækka skatta, auka álögur í formi þjónustugjalda, kjaraskerðing og nú síðast uppsagnir opinberra starfsmanna.

Til þess að koma í veg fyrir þá flóðbylgju gjaldþrota sem blasir við og leggja mun líf þúsunda fjölskyldna í rúst verður að grípa til aðgerða strax og aðstoða fólk út úr öngstrætinu.

Margt þarf að koma til, svo sem greiðsluaðlögun, félagsleg aðstoð og víðtækur stuðningur við fyrirtæki í landinu.

### Greiðsluaðlögun

Frá því að núverandi ríkisstjórn tók við völdum hefur lögum um greiðsluaðlögun ítrekað verið lofað. Greiðsluaðlögun þýðir að skuldurum er hjálpað að komast út úr mesta svartnættinu og lánskjörum breytt til að létta greiðslubyrðina. Það getur falið í sér að vöxtum og/eða lánstíma sé breytt eða skuld lækkuð eða fryst um tíma á meðan fólk leitar lausna á tímabundnum erfiðleikum. Mikilvægt er að greiðsluaðlögun nái jafnt til skulda við ríki, innlánsstofnanir, lífeyrissjóði, verkalýðsfélög sem og húsnæðisskulda.

Þá er nauðsynlegt að bjóða einstaklingum, sem hafa tekið á sig miklar persónulegar skuldbindingar vegna reksturs fyrirtækja, upp á greiðsluaðlögun, að því gefnu að viðkomandi hafi ekki orðið uppvís að neinu ólöglegu í sínum rekstri.

Það síðasta sem heyrðist frá ríkisstjórninni um þetta mál var viðtal við Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra á Stöð 2 þar sem hún lýsti hversu gríðarlegum vandkvæðum væri bundið að afskrifa skuldir einstaklinga og engrar niðurstöðu væri að vænta á næstunni. Það er af sem áður var, því Jóhanna taldi þetta litlum vandkvæðum bundið þegar hún lagði fram frumvarp um greiðsluaðlögun ár eftir ár á meðan hún var í stjórnarandstöðu.

Þá hafa Vinstri grænir og framsóknarmenn einnig lagt fram frumvarp um greiðsluaðlögun og því má spyrja hvort Sjálfstæðisflokknum, varðhundi auðvaldsins, hafi tekist að sannfæra félagsmálaráðherra um hversu flókið og erfitt það væri að styðja við fólk sem er ófært um að greiða skuldir sínar.

Henni verður hins vegar velkomið að styðja við frumvarp framsóknarmanna sem lagt verður fram þegar þing kemur saman.

### Félagsleg aðstoð

Páll Pétursson, fyrrum félagsmálaráðherra, setti á stofn ráðgjafarstofu heimilanna til að aðstoða fólk í greiðsluerfiðleikum. Frá því stofan var stofnuð hefur hún aðstoðað mörg þúsund einstaklinga. Helstu ástæður greiðsluerfiðleika í gegnum tíðina hafa verið veikindi og vankunnátta í fjármálum, en nú bætist atvinnuleysi við. Stórauka þarf framlög til ráðgjafarstofunnar svo hún geti staðið undir auknum verkefnum og auka samstarf hennar við félagsþjónustu sveitarfélaganna. Einstaklingar sem eru í fyrirtækjarekstri hafa átt í fá hús að venda þegar þeir hafa lent í greiðsluerfiðleikum, auk þess sem ríkið hefur innheimt opinber gjöld af hörku. Setja þarf á stofn ráðgjafarstofu fyrirtækja sem gæti starfað með ráðgjafarstofu heimilanna, Nýsköpunarmiðstöð eða sem sjálfstæð stjórnsýslueining. Hlutverk hennar yrði að aðstoða eigendur og stjórnendur fyrirtækja við að yfirfara reksturinn, semja við lánardrottna og ráðleggja um hvort halda skuli rekstri áfram eður ei.

### Stuðningur við fyrirtæki

Sambærilegur stuðningur við starfandi fyrirtæki í landinu hefur verið enginn. Ekkert hefur heyrst af neinum tillögum þeim til handa á meðan útbúnir eru milljarða ívilnanapakkar fyrir stórfyrirtæki og fjárfestingarsjóði.

Ýmislegt er hægt að gera auk laga um greiðsluaðlögun og ráðgjafarstofu fyrirtækja. Aðgangur að lánsfé og ábyrgðum er mjög takmarkaður. Ríkið getur sett á stofn endurreisnarsjóð til að kaupa hlutafé og lána til fyrirtækja, ekki bara sprota heldur einnig starfandi fyrirtækja. Önnur leið til að auðvelda sjóðstreymi fyrirtækja er að leyfa þeim að skila virðisaukaskatti þriðja hvern mánuð í stað annars hvers og einfalda regluverk og eftirlit hins opinbera.

Ef ekkert verður að gert mun fjöldi gjaldþrota einstaklinga og fyrirtækja margfaldast. Afleiðingarnar verða aukinn kostnaður í velferðar- og dómskerfinu, en ekki síst örvænting einstaklinga og fjölskyldna og sár í þjóðfélaginu sem seint munu gróa.

Það munu framsóknarmenn aldrei sætta sig við.

*Höfundur er þingmaður Framsóknarflokksins.*

## Börnum slátrað

**UMRÆÐAN**
Katrín Jakobsdóttir skrifar um aðgerðir Ísraelshers í Gasaborg



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

Okkur berast nú á hverjum degi fréttir frá Gasaborg. Þar hafa Ísraelsmenn ráðist inn og drepa daglega óbreytta borgara, konur og börn. Þeir reyna að halda fjölmiðlamönnum sem mest frá svæðinu því eðlilega vilja þeir ekki að heimsbyggðin sjái grimmdarverkin. Þeir þverbrjóta alla alþjóðlega samninga sem snúast um að hlífa óbreyttum borgurum í stríði, skólar eru sprengdir upp, starfsmenn alþjóðlegra hjálparsamtaka eru drepnir. Óbreyttum borgurum, þ.á m. börnum, er smalað inn í hús sem eru svo sprengd í loft upp.

Þessi árás er réttlætt með því að Ísraelar verji hendur sínar gagnvart Palestínumönnum og er þá gjarnan vísað til hryðjuverka Hamas-samtakanna. En ef horft er t.d. á eldflaugaárásir kemur fram í skýrslu Human Rights Watch-samtakanna að árið 2007 skaut Ísrael 14.617 eldflaugum yfir á Gasasvæðið. Á sama tíma var 2.700 flaugum skotið inn í Ísrael. Þessar tölur sýna auðvitað að svæðið er púðurtunna. En hlutföllin sýna líka að réttlæting Ísraelsmanna stenst enga skoðun. Hér er um árásarstríð að ræða þar sem fórnarlömbin eru einkum óbreyttir borgarar.

Ísraelsher hefur lengi virkað sem tilraunastofa alþjóðlegra vopnaframleiðenda. Palestínumenn hafa orðið fórnarlömb nýjustu tækni og vísinda í vopnageiranum í því áralanga ofbeldi sem þarna hefur fengið að viðgangast og má nefna sem dæmi að eyðileggingarmáttur eldflauga þeirra er gríðarlegur. Helsta nýmæli Ísraelshers eru svokallaðar þrýstisprengjur sem nánast húðfletta fórnarlömbin. Ísraelsher hefur líka verið óhræddur við að beita vopnavélmennum sem skjóta á allt sem hreyfist, sama hvort það eru börn eða hermenn.

Árásin á Gasa jólin 2008 er skelfileg aðgerð sem ekki á að líðast. Núna hafa nærri 770 óbreyttir borgarar verið drepnir á tveimur vikum, þar af 257 börn. Á sama tíma hafa sjö ísraelskir hermenn fallið. Alþjóðasamfélagið getur ekki horft upp á að börnum sé slátrað og óbreyttir borgarar séu stráfelldir. Ef framferði Ísraelsmanna gefur ekki tilefni til að slíta stjórnmálasambandi við ríkið þá er það tilefni vandfundið.

*Höfundur er alþingismaður.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

NOTAÐIR BÍLAR Á SPOTTPRÍS

# BÍLAOUTLET

## KORPUTORGI

Vel yfir 300 bílar
Einstakt verð!

ÚTSALA
GERÐU EINSTÖK KAUP

Fólksbílar Jeppar Sendiferðabílar Litlir bílar Stórir bílar Jepplingar Smábílar

40%

af notuðum bílum
...og jafnvel meira!

Byrjum í dag!

Opið um helgina:
10-18 laugardag
12-18 sunnudag

Korputorgi. Opið: mán-fös kl. 11-19, lau kl. 10-18, sun kl. 12-18

BÍLAOUTLET

# ÚTSALA

ÐJAN ÚTSALA HÚSASMI



**Málband**
5 m, segull á enda.
5006400

**299**
~~1.179~~

RUGL VERÐ



**199**
~~679~~

**Dúkahnífur**
5036021

## Líkamsræktartækin komin
frábært verð!



**Einnig fáanlegt:**
Fjölþjálfi, æfingahjól, hlaupabretti og fleira

**33.279**



**20% AFSLÁTTUR**

AF SMÁRAFTÆKJUM



**30% AFSLÁTTUR**

AF BÚSÁHÖLDUM

blómaval
heillandi heimur



**10 stk.**
Túlípanar
**999 kr**

*Útsöluafsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.



VERÐSPRENGJA
Í SKÚTUVOGI
VERÐHRUN
Á HÚSGÖGNUM
Í SKÚTUVOGI
EGG
ALLT AÐ
80%
AFSLÁTTUR
AF SÝNISEINTÖKUM
OG ÚTLITSGÖLLUÐUM
HÚSGÖGNUM
Leðursófi Magna (hvítur)
4200962/963
125.900
209.900
ÖLL HÚSGÖGN
40-80%
AFSLÁTTUR
GJAFAVARA
ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR
kl. 11:30-14:00
GÚLLASSÚPA
190 kr.
Kaffi Garður Skútuvogi
ÍS
10 kr.
HREINLÆTISTÆKI
RÝMINGARSALA Í SKÚTUVOGI
50% AFSL
AF VÖLDUM
SÝNINGARTÆKJUM
20% AFSL
AF ÖLLUM
BLÖNDUNARTÆKJUM
GÓLFEFNAMARKAÐUR
Í SKÚTUVOGI
FLÍSAR Á ALLT AÐ
70% AFSL.
PARKETLISTAR FYLGJA FRÍTT
MEÐ ÖLLU EIKARPARKETI
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
Við berjum niður
verðið!
HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

# Hvernig á að endurreisa íslenskt efnahagslíf?

UMRÆÐAN

Carsten Valgreen skrifar um efnahagsmál



CARSTEN VALGREEN

Í mars árið 2006, í mínu fyrra starfi sem aðalhagfræðingur Danske bank, tók ég þátt í að skrifa rannsóknarskýrslu um uppsveifluna á Íslandi. Í skýrslunni, „Geyser Crisis", voru dregnar upp dökkar framtíðarhorfur fyrir Ísland og rök færð fyrir því að niðursveifla væri óhjákvæmileg og alvarleg fjármálakreppa raunhæfur möguleiki.

**Hörð viðbrögð og gagnrýni Íslendinga**

Á þessum tíma sætti skýrslan harðri gagnrýni frá ýmsum aðilum á Íslandi. Íslensku viðskiptabankarnir gáfu út nokkrar skýrslur til mótvægis við niðurstöður okkar og færðu rök fyrir því að grunnstoðir íslenska hagkerfisins væru traustar til langs tíma litið. Nefnt var hátt menntunarstig, mikil atvinnuþátttaka og vaxandi fólksfjöldi (sem allt er hárrétt en málinu óviðkomandi). Viðbrögð af hálfu bankanna voru að sumu leyti skiljanleg. Þá þegar áttu þeir í erfiðleikum með að endurfjármagna skuldavafninga (e. securitized debt) á evrópskum mörkuðum og þurftu síst á gagnrýnum skýrslum að halda, sem fældu frá hugsanlega erlenda fjárfesta.

Það sem kom mér mest á óvart voru viðbrögð yfirvalda á Íslandi. Fjármálaráðuneytið sá ástæðu til, og taldi innan síns verkahrings, að gefa út fréttatilkynningu þar sem færð voru rök fyrir því að farið væri rangt með staðreyndir í skýrslunni (þar voru ein smávægileg mistök sem við leiðréttum með glöðu geði en höfðu engin áhrif á niðurstöður hennar). Forsætisráðherrann gagnrýndi skýrsluna og Danske Bank á opinberum vettvangi. Að auki fann Viðskiptaráð Íslands sig knúið til þess að ráða prófessor Frederick Mishkin og dr. Tryggva Þór Herbertsson til þess að skrifa skýrslu um fjármálastöðugleika á Íslandi, sem í grundvallaratriðum gaf til kynna að spá okkar um kreppu væri orðum aukin.

Á þessum tíma var ég orðlaus yfir viðbrögðum yfirvalda á Íslandi og þau sannfærðu mig um að hagkerfið stæði enn verr en ég hafði gert mér í hugarlund þegar verið var að skrifa skýrsluna. Þetta kom mér þannig fyrir sjónir að allir, þar með talið allir embættismenn, væru staðráðnir í að taka ekki á ástandinu á yfirvegaðan og hlutlægan hátt. Þess í stað gáfu viðbrögð flestra , meðal annars opinberra stofnana, glögglega til kynna útbreidda hjarðhegðun og hugarfar sem einkenndist af „við á móti þeim" viðhorfi.

**Mikil innbyrðis tengsl**

Ísland er lítið, einsleitt samfélag þar sem innbyrðis tengsl eru mikil. Þetta er bæði mikill styrkleiki og veikleiki. Þetta er rót kreppunnar. Slík samfélagsgerð virkar næstum eins og fjölskylda eða eitt fyrirtæki. Útilokun tiltekinna vandamála og ákvörðun um að þagga þau niður þróast mjög auðveldlega, og af því leiðir að erfitt er að grípa inn í þegar þau hafa hreiðrað um sig.

Styrkleikar þessarar samfélagsgerðar munu hinsvegar koma í ljós þegar íslenskt samfélag siglir í gegnum kreppuna og rís upp á ný eftir nokkur ár. Eigi styrkleikinn aftur á móti að vara, og ef komast á í veg fyrir miklar sveiflur í efnahagslífinu og kreppur á næstu árum verða Íslendingar að huga vel að því hvernig byggja má upp betri stofnanir innan samfélagsins.

**Vanvirkt umhverfi og brostið traust**

Áður en kreppan skall á leit út fyrir að íslenskt þjóðfélag byggi yfir nútímalegu, vel virku og þróuðu fjármála- og stofnanaumhverfi, sjálfstæðum seðlabanka, eftirlitsaðilum og svo framvegis. Kreppan hefur aftur á móti leitt í ljós vanvirkni þessa umhverfis. Sem dæmi má nefna að það að hafa fyrrverandi forsætisráðherra sem formann bankastjórnar Seðlabanka Íslands hefur valdið stórslysi og í ljós hefur komið að Seðlabankanum er verr stjórnað og er ósjálfstæðari en hann ætti að vera.

Lengi vel eftir að kreppan skall á ríkti afneitun á þeirri stöðu sem upp var komin og óskhyggja um að hlutirnir myndu reddast. Sem dæmi má nefna óskipulegt ferli við þjóðnýtingu Glitnis og tilkynninguna frá Seðlabanka Íslands hinn 7. október um lán upp á fjóra milljarða evra frá Rússlandi, sem síðar reyndist ekki vera fyrir hendi. Gengi íslensku krónunnar var fest við evruna og entist sú aðgerð í einn dag. Þá voru stýrivextir lækkaðir 15. október um 3,5%, úr 15,5% í 12%, og síðan hækkaðir aftur um 6% 28. október, eða upp í 18%. Viðbrögð íslenskra stjórnvalda í kjölfar kreppunnar voru mjög tilviljanakennd og svo virtist sem þau hefðu enga áætlun. Ég held að það hafi í raun og veru verið ástæða þess að önnur lönd töldu nauðsynlegt að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn mætti fyrstur á vettvang til að hafa yfirumsjón með nauðsynlegum aðgerðum. Það var ástæða þess að bresk stjórnvöld brugðust af hart við og frystu eignir íslensku bankanna. Því var einfaldlega ekki lengur treyst að íslensk stjórnvöld gætu brugðist við kreppunni og óttast var að alþjóðlegum lánum yrði eytt í óraunhæf og röng stefnumál.

*Síðan þegar innlendum stofnunum og verðbólguvæntingum hefur verið komið í eðlilegt horf er hægt að fara að hugleiða upptöku evrunnar. Það er þó ekki víst að þess þurfi.*

**Uppbygging stofnana samfélagsins**

Hvers vegna tókst opinberum stofnunum svona illa upp? Að mínu áliti er engin ein ástæða fyrir því. Íslendingar þekkja óðaverðbólgu vel; hún geisaði á Íslandi á áttunda áratugnum og einnig var verðbólga mikil nú áður en krónan hrundi. Þetta endurspeglar í sjálfu sér samfélag, stofnanir og stjórnmálakerfi sem á erfitt með að sníða sér stakk efir vexti. Það skortir sárlega aðskilnað valds, að miklu leyti vegna smæðar landsins og mikilla innri tengsla í samfélaginu. Að þessu leyti er fjármálakreppan nútímaleg holdgun gamals vandamáls á Íslandi, uppbyggingar stofnana samfélagsins. Ég gæti bætt því við að Færeyjar hafa í gegnum tíðina átt við svipuð vandamál að stríða (sem hefur stundum endað með því að danska ríkið hefur þurft að borga reikninginn).

**Stærð bankakerfisins meginvandamálið**

Að taka upp evruna er ekki lausn á öllum vandamálum. Bankarnir hefðu hrunið jafnvel þótt Íslendingar hefðu haft evruna. Meginvandamálið var ekki myntin eða hagkerfið, heldur bankarnir sjálfir. Þeir leyfðu sér – og var leyft – að stækka efnahagsreikning sinn miklu meira en íslensk stjórnvöld gátu nokkurn tíma ábyrgst, án þess að þau gripu til annarra aðgerða en að vernda þá gegn gagnrýnum spurningum. Fyrir tveimur árum hitti ég einn af framkvæmdastjórum Landsbankans. Ég spurði hann hvort stjórnendur bankans litu á hann sem „vaxtarfyrirtæki". Hann sagði að svo væri, mjög svo. Mín reynsla er hins vegar sú að „vöxtur" hjá bönkum merkir að öllu óbreyttu einhvers konar dulbúna „skuldsetningu". Aukin skuldsetning bankanna, hvað svo sem hún var kölluð, reyndist mjög hættuleg íslensku hagkerfi, einmitt vegna þess að hún var að mestu leyti fjármögnuð með fé í erlendri mynt. Þetta þýddi að íslenska ríkið gat ekki lengur staðið á bak við bankana ef til bankakreppu kæmi. Af því leiddi að bankarnir urðu tilvalin fórnarlömb alþjóðlegs bankaáhlaups. Þó að mynt hagkerfisins hefði verið evra hefði það ekki komið í veg fyrir áhlaupið.

Ekki er svo að skilja að íslenska krónan hafi ekki valdið neinum vandræðum. Ofmetin krónan jók augljóslega kaupmátt neytenda og háir stýrivextir gerðu það fýsilegt fyrir þá að taka lán í erlendri mynt, sem olli því að gjaldeyriskreppan í kjölfar falls bankanna bitnaði harkalega á íslenskum neytendum.

**Nauðsynlegar aðgerðir**

Íslendingar verða nú að finna leiðir til að byggja upp betri stofnanir fyrir framtíðina. Í fyrsta lagi verður Seðlabankinn að öðlast fullt sjálfstæði. Þá hefð að koma stjórnmálamönnum fyrir í stjórnendastöðum verður að rjúfa. Í öðru lagi þarf að fela hluta af fjármálaregluverkinu og eftirliti með fjármálakerfinu alþjóðlegum stofnunum, eða stofnunum í öðrum löndum, til þess að skapa þá fjarlægð sem oft er erfitt að ná á Íslandi. Þessu mætti til dæmis ná fram með því að ráða utanaðkomandi aðila til að stýra Seðlabankanum og fjármálaeftirliti. Fagfólk væri að verki sem ekki ætti starfsframa sinn undir stjórnmála- eða viðskiptalegum hagsmunum á Íslandi. Í þriðja lagi verður að afnema verðtrygginguna svo að endanlega sé hægt að uppræta verðbólguna úr hagkerfinu. Þetta gæti falið í sér bann við nýjum verðtryggðum lánum og takmarkaðan aðgang neytenda að erlendum lánum. Síðan þegar innlendum stofnunum og verðbólguvæntingum hefur verið komið í eðlilegt horf er hægt að fara að hugleiða upptöku evrunnar. Það er þó ekki víst að þess þurfi. Það er ekki ljóst hvers vegna lítið, mjög opið hagkerfi, þar sem stór hluti af útflutningi er vörur en ekki þjónusta, ætti að taka upp alþjóðlega mynt.

Ef ekki verður gripið til þessara aðgerða óttast ég að lærdómurinn sem draga má af þessari kreppu fari í súginn og ný holdgun hennar líti dagsins ljós eftir tíu til fimmtán ár.

*Höfundur er fyrrverandi aðalhagfræðingur Danske Bank og núverandi meðeigandi í Benderly Economics.*














**BETRI STOFNANIR** „Íslendingar verða nú að finna leiðir til að byggja upp betri stofnanir fyrir framtíðina", segir greinarhöfundur meðal annars.

Ó! · 12309

# Nýtt nafn – nýir tímar

Steypustöðin MEST hefur tekið upp nýtt nafn og merki og heitir nú Steypustöðin.

Steypustöðin mun einbeita sér að sölu á steypu, hellum og múrvörum ásamt vandaðri ráðgjöf á þessu sviði.

Steypustöðin er ábyrgt og traust framleiðslu- og þjónustufyrirtæki sem skapar, ásamt viðskiptavinum sínum, varanleg verðmæti fyrir íslenskt atvinnulíf og samfélagið í heild.

Við horfum björtum augum til framtíðar.

Með kveðju,
starfsfólk Steypustöðvarinnar.

STEYPUSTÖÐIN

STEYPA | HELLUR | MÚRVÖRUR



Hringhellu 2
220 Hafnafjörður

Hrísmýri 8
800 Selfoss

Malarhöfða 10
110 Reykjavík

Sími 440 0400
www.steypustodin.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# FERSKT NAUTAVEISLU NAUTAKJÖT




898

NV FERSKT NAUTAKHAKK
898 kr./kg.




30% AFSLÁTTUR

NV FERSKT NAUTAGÚLLAS
1498 kr./kg. MERKT VERÐ 2140 KR./KG.




30% AFSLÁTTUR

NV FERSKT NAUTASNITSEL
1498 kr./kg. MERKT VERÐ 2140 KR./KG.




40% AFSLÁTTUR

ALI FERSKT GRÍSAHAKK
530 kr./kg. MERKT VERÐ 884 KR./KG.




40% AFSLÁTTUR

ALI FERSKT GRÍSASNITSEL
1127 kr./kg. MERKT VERÐ 1878 KR./KG.




40% AFSLÁTTUR

ALI FERSKT GRÍSAGÚLLAS
1127 kr./kg. MERKT VERÐ 1878 KR./KG.




399

KF KJÖTFARS 399 kr./kg.



498

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR 498 kr./kg.




219

OS PIZZAOSTUR 200g 219 kr



20% AFSLÁTTUR

KS SÚPUKJÖT 1.FLOKKUR 479 kr./kg. 598 KR./KG.




259

BÓNUS SPELT PIZZADEIG
400g 259 kr.




399

KF SVEITABJÚGU
399 kr./kg.
MERKT VERÐ 498 KR./KG.




498

BÓNUS ÍSTERTA 8 MANNA 498 kr.




179

MYLLU HEIMILISBRAUÐ
770g 179 kr.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

OPIÐ: LAUGARDAG: 10:00-18:00 SUNNUDAG: 12:00-18:00.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1476
KJÖRFUGLS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1476 kr./kg. MERKT VERÐ 2109
40%
AFSLÁTTUR
ALI FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1798 kr./kg. MERKT VERÐ 2998 KR./KG.
35%
AFSLÁTTUR
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR
1689 kr./kg. MERKT VERÐ 2598 KR./KG
40%
AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
523 kr./kg. MERKT VERÐ 872 KR./KG.
40%
AFSLÁTTUR
ALI GRÍSA HELGARSTEIKUR
1139 kr./kg. MERKT VERÐ 1898 KR./KG.
498
NV FERSKIR NAUTAHAMBORGARAR
4 STK M/BRAUÐI 498 kr pakkinn.
298
KS LAMBASVIÐ FROSIN 298 kr./kg.
129
Bónus nýbakað
BAGUETTEBRAUÐ
129 kr.
129
MS HREINT SKYR 500g 129 kr.
98
BÓNUS PYLSUBRAUÐ
5 stk 98 kr
30%
AFSLÁTTUR
BÓNUS PYLSUR
489 kr./kg.
MERKT VERÐ 698 KR./KG.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
OPIÐ: LAUGARDAG: 10:00-18:00 SUNNUDAG: 12:00-18:00.
Með fyrirvara
um prentvillur eða
uppseldar vörur.



**FJÖLSKYLDAN SAMANKOMIN** Frá vinstri Erik Steinn, Þorsteinn, Unnar Snær, Þorkell Skúli og Margrét Dagmar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# *Kallar fram það fallegasta í okkur*

Fyrir sjö árum greindist **Þorkell Skúli**, sonur Margrétar Dagmarar Ericsdóttur og Þorsteins Guðbrandssonar, með einhverfu. Hann er í aðalhlutverki myndarinnar Sólskinsdrengurinn sem frumsýnd var í gær. *Sigríður Björg Tómasdóttir* ræddi við foreldrana.

Ástæðan fyrir því að ég fór að gera heimildarmynd um einhverfu er sú að mér fannst ég ekki komast lengra með Kela minn,“ segir Margrét Dagmar Ericsdóttir. „Mig langaði til þess að gera vísindalega mynd um einhverfu, þar sem hún væri útskýrð. Og þannig sá ég fyrir mér að ég gæti hjálpað foreldrum einhverfra barna hér á Íslandi, þó að ekki væri annað.“

Það var árið 2006 sem Margrét Dagmar hóf að vinna að heimildarmyndinni umræddu, nú rúmum tveimur árum síðar er afraksturinn kominn á hvíta tjaldið, þó nokkuð breyttur frá upphaflegri áætlun. „Við réðum Friðrik Þór Friðriksson sem leikstjóra myndarinnar, hann vildi endilega að við værum hluti af myndinni, þannig varð hún persónulegri og þannig varð saga Kela, sólskinsdrengsins, að meginþræði myndarinnar. Að auki fékk ég reynda kvikmyndagerðarkonu, Kristínu Ólafsdóttur, sem framleiðanda með mér.“

Þorkell, sem kallaður er Keli, er þriðja barn Margrétar og Þorsteins sem fyrir áttu fimm ára og átta ára dreng þegar Keli kom í heiminn. Þau segjast fljótt hafa gert sér grein fyrir að hann var öðruvísi en þeir. Um eins árs aldurinn fékk hann alvarlegt flogakast og talaði ekki eftir það. „Hann var meira og minna á spítala fyrstu þrjú árin. Um tveggja ára er hann greindur með þroskahömlun en það var ekki fyrr en hann var fjögurra ára sem hann fékk einhverfugreiningu.“

## Baráttan fyrir meðferð

Þegar Keli hafði verið greindur einhverfur tók við tímabil þar sem þau hjónin börðust fyrir að fá fyrir hann heildræna atferlismeðferð, meðferð sem samkvæmt þeirra eftirgrennslan var það besta sem honum gæti staðið til boða. Á leikskólanum sem hann var á stóð sú meðferð ekki til boða og eftir töluvert stapp ákvað Margrét Dagmar einfaldlega að hringja í nöfnu sína Margréti Pálu Ólafsdóttur, skólastýru og forsprakka Hjallastefnunnar. „Ég hringdi dauðstressuð og spurði hana hvort hún gæti mætt sérþörfum Kela og sett upp kennslu sem byggðist á atferlismótun,“ segir Margrét Dagmar sem kvartar ekki yfir viðtökunum, Margrét Pála tók henni og syni hennar opnum örmum.

Þau hjónin fóru strax þegar Keli var greindur einhverfur að kynna sér allt sem þau fundu um einhverfu og það skal engan undra að nú nokkrum árum og einni heimildarmynd síðar séu þau hjónin orðin afar fróð um hinar mörgu hliðar einhverfu. Þau eru afar fús til að miðla þeim fróðleik en þykir jafn leitt hvað miklu betur væri hægt að búa einhverfum á Íslandi, sérstaklega þegar litið er til nýjustu rannsókna. „Ég hélt reyndar að við værum í góðum málum þangað til ég kynntist því sem er að gerast í Bandaríkjunum,“ segir Margrét Dagmar.

## Skóli fyrir alla merkingarlaus

„Hér hefur verið við lýði stefna sem er kölluð „skóli fyrir alla“, það er í raun bara merkingarlaust krútthugtak sem þýðir í raun bara skóli fyrir heilbrigða,“ segir Þorsteinn. Þau benda á að víða sé hvorki gert ráð fyrir sérþörfum í húsnæði né mannafla. Menntastefnan gerir ráð fyrir að sérþörfum sé sinnt alls staðar en gjarnan með þeim afleiðingum að þeim er hvergi sinnt.

Þegar vinnan við heimildarmyndina hófst lá leið þeirra fljótlega til Bandaríkjanna og þar komust þau í tæri við þá þekkingu á einhverfu og þau meðferðarúrræði sem börnum þar stendur til boða. „Þar er markvisst leitað að einkennum einhverfu allt niður í sex mánaða aldur. Við erum með mjög gott ungbarnaeftirlit og því má velta fyrir sér hvers vegna við nýtum það ekki betur. Rannsóknir hafa sýnt að ef gripið er inn í við tveggja til fjögurra ára aldurinn þá eru miklu meiri líkur á því að árangur náist í meðferð.“

Markmiðið hjá Bandaríkjamönnum með þessari snemmtæku íhlutun er að reyna að gera einhverfa einstaklinga að nýtum þegnum en Margrét og Þorsteinn benda á að það sé í raun mikill sparnaður að því fyrir þjóðfélagið ef það tekst, því óheyrilega dýrt sé að halda einstaklingum uppi á stofnunum.

„En það er rétt að árétta að einstaklingar með einhverfu eru mjög ólíkir. Og þeir geta verið mjög miseinhverfir. Sumir geta til dæmis tjáð sig á meðan aðrir, til dæmis Keli okkar, eru fjötraðir af einhverfunni.“

Einhverfir einstaklingar eru staðsettir á einhverfurófinu eins og sagt er og geta verið á mjög misjöfnum stað á því. Þrjú einkenni eru almenn á meðal einhverfra; í fyrsta lagi skert geta til tjáskipta, í öðru lagi skert félagsfælni og í þriðja lagi sérstök eða áráttukennd hegðun.

„Það má segja að brengluð skynvinnsla einkenni þá sem eru illa haldnir af einhverfu, þeir gera ekki greinarmun á bakgrunnshávaða og tali svo dæmi séu tekin, allt í umhverfinu ræðst á skilningarvitin,“ segir Þorsteinn. Einhverfir eiga líka erfitt með að tengja saman líka hluti sem þó eru ekki nákvæmlega eins, til dæmis ef þeir koma inn í herbergi í fyrsta sinn þá upplifa þeir allt þar sem algjörlega nýtt, þó svo að í herberginu séu eingöngu svipaðir hlutir eins og þeir hafa kynnst áður, stólar, borð, leirtau. Einkenni á einhverfum er einnig skortur á að geta sett sig í spor annarra, einhverf börn herma ekki eftir öðrum og læra þannig hegðun og atferli eins og venjuleg börn gera. Þá má nefna að skortur á frumkvæði einkennir einhverf börn. „Það vantar tenginguna á milli þess að hugsa hvernig á að framkvæma einhverja aðgerð og framkvæma hana svo,“ segir Margrét og þau benda á að einhverfir upplifi oft lítil tengsl við líkama sinn.

Þessar brenglanir sem skýra má sem truflun í miðtaugakerfinu hafa þær afleiðingar að börn haldin einhverfu verða félagsfælin og léleg í tjáskiptum. Þau einkenni eru því frekar afleiðing en orsök einhverfu.

## 30 einhverfir fæðast á hverju ári

Ekki er hægt að segja til um hve margir Íslendingar eru haldnir einhverfu, þær upplýsingar liggja ekki fyrir, en síðustu tvö ár hafa 300 verið greindir á einhverfurófinu. Þar var að vísu uppsöfnuð greiningarþörf til staðar en líklega eru um 30 fæddir einhverfir einstaklingar á Íslandi á hverju ári. Miðað við þá tölu segja Margrét Dagmar og Þorsteinn fullljóst að yrði tekið á vandanum með markvissari hætti væri hægt að gera líf þessara einstaklinga betra því að meðferð skilar miklu betri árangri sé hún hafin á unga aldri. „Skortur á tjáningu einhverfra verður oft til þess að þau eru afgreidd sem greindarskert, reyndin er sú að oft er um mjög greinda einstaklinga að ræða, þá vantar bara aðstoð við að komast út úr skelinni.“

En aftur að myndinni Sólskinsdrengurinn. Eins og áður sagði breyttist myndin á leiðinni úr því að vera vísindaleg mynd um einhverfu í það að vera persónulegri mynd um Kela og fjölskylduna hans.

Sú staðreynd breytti því ekki að talað var við helstu sérfræðinga í heimi á sviði einhverfu og í efnisöflun fyrir myndina komst Margrét í tæri við margt áhugavert fólk. Þar á meðal Somu Mukhopadhyay sem er indversk kona búsett í Bandaríkjunum sem hefur þróað merkilega aðferð við meðferð á einhverfu, svokallað hraðhvatakerfi, sem örvar einhverf börn þannig að þau fara að svara áreiti og læra að tjá sig smám saman.

## Náði til Kela

Þegar Margrét sá hvernig hún náði til alvarlega einhverfra einstaklinga hugsaði hún með sér að kannski myndi Soma ná til Kela. Þau fjölskyldan fóru því með hann til Somu og það er skemmst frá því að segja að á örfáum dögum náði hún til hans og fékk hann til að svara spurningum sínum. Í leiðinni komust Margrét og Þorsteinn að því að Keli skilur ensku, þau komust líka að því að strákurinn þeirra kunni ýmislegt sem þau vissu ekki að hann kynni. „Við héldum alltaf að hann væri gáfnaljósið í fjölskyldunni þegar hann var lítill og nú styrktumst við í trúnni.“ Þetta var auðvitað þvílík uppljómun fyrir fjölskylduna, sem hafði aldrei náð að eiga tjáskipti við Kela og því ómögulegt fyrir þau að vita hvernig hann skynjaði umhverfi sitt og hversu mikið hann meðtók í því. „Núna vitum við að hann heyrir mjög vel og lærir fyrst og fremst í gegnum heyrnina.“

Fjölskyldan eygir þannig von um að líf Kela verði betra en þau þorðu að vona fyrir nokkrum árum. Sú meðferð með atferlismótun sem hann hafði hlotið frá því að hann greindist með einhverfu hefur hjálpað mikið og hafði skilað því að hann gat klætt sig sjálfur og borðað, en tjáningin var nánast engin. „Í dag er Keli í Öskjuhlíðarskóla, sem er yndislegur skóli, og þar vinnur með honum sérfræðingur í atferlismótun, Natalie Preston, sem kemur frá ABC-skólanum í Kaliforníu, sem við kynntumst í gegnum gerð myndarinnar.“

## Geðgóður og glaðvær

En hvað sem öllu líður er Keli og verður sólargeisli í lífi foreldra sinna og bræðra. „Ef heilbrigði væri mælt í gleði þá myndi Keli skora mjög hátt, hann er mjög geðgóður og glaðvært barn,“ segir Margrét Dagmar.

Eins og gefur að skilja er fjölskyldulíf fólks með einhverft barn ekki hefðbundið. „Allt sem er einfalt hjá venjulegum fjölskyldum er flókið hjá okkur,“ segir Þorsteinn. „Til dæmis ferðalög, við erum alltaf fjögur með honum í flugvél, ég panta sæti fyrir framan og aftan hann og hvort til sinnar handar, ef hann færi að kasta sér til. Ég þarf líka að merkja hann, því hann getur auðvitað ekki tjáð sig ef ég myndi missa sjónar af honum,“ segir Margrét.

Og þrátt fyrir athyglina sem yngsti drengurinn fær segja þau eldri bræður hans hafa tekið honum afar vel og skilið af hverju hann krefst svona miklu meiri umönnunar en þeir. „Auðvitað er áskorun að eiga einhverft barn, en hann er yndislegur drengur og hefur kallað fram það fallegasta í okkur sem manneskjum.“

## ➜ KONAN SEM NÁÐI TIL KELA



**Soma Mukhopadhy** er indversk að uppruna og móðir einhverfs drengs, Tito, sem var lokaður í heimi einhverfunnar frá fyrstu tíð. Soma tók eftir því þegar Tito var lítill að hann fletti bókum skipulega og skoðaði blaðsíðutöl. Hún prófaði því að kenna honum tölurnar með því að skrifa þær niður á blað, spyrja hann og láta hann svo benda á svar. Þannig þróaði hún hraðhvataaðferð svokallaða (rapid prompting method) sem hún hefur beitt með góðum árangri. Aðferðin gengur í stuttu máli út á að „finna gluggann“ til einhverfa barnsins eins og hún segir sjálf. Sum einhverf börn læra í gegnum sjónina fyrst og fremst, önnur heyrnina. Hún nær til þeirra með því að vekja athygli þeirra, t.d. skrifa svör við spurningum á blað sem hún rífur í sundur, og lætur þau velja það sem þau telja vera rétta svarið. Með þessari aðferð hefur hún kennt einhverfum börnum að þekkja stafina, lesa og svo skrifa í framhaldinu. Sonur hennar, Tito, er tvítugur í dag og hefur gefið út nokkrar bækur.

Í dag á Soma heima í Bandaríkjunum þar sem hún kennir einhverfum börnum hraðhvataaðferð. Þar komst Margrét Dagmar í kynni við hana.

Nánari upplýsingar um Somu er að finna á síðunni www.halo-soma.org


RÚMSTÆÐI MEÐ LAXTEX HEILSUDÝNU
ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR
ÚTSALA
REKKJUNNAR
20-60%
AFSLÁTTUR!
FJÖLSTILLANLEG HEILSURÚM
ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR
Þrýstijöfnunar-svampsrúm
(Queen Size 153x203)
Verð áður 165.500 kr.
KOSTAR NÚ 99.300 kr.
KING KOIL HEILSURÚM
(Queen Size 153x203)
Verð áður 165.500 kr.
KOSTAR NÚ FRÁ 89.000 kr.
SÆNGURVER
30% AFSLÁTTUR
Verð frá 3.710 kr.
SVEFNSÓFAR
ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR
Verð frá 47.120 kr.
HEILSUKODDAR
30% AFSLÁTTUR
Verð frá 5.530 kr.
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16


55
milljón




# Potturinn þenst út!

Nú er hann sexfaldur og stefnir í 55 milljónir.

Veldu þínar tölur fyrir kl. 18.40 í dag
og vertu með til vinnings.

Lottó




# Erum ósköp venjulegir foreldrar

Hjónin **Katrín Jakobsdóttir** og **Gunnar Örn Sigvaldason** reyna að hafa umhverfisvænar venjur að leiðarljósi í sínu uppeldi. Þau þýddu í sumar bókina Uppeldi fyrir umhverfið sem hvatti þau til að endurskoða neysluvenjur sínar.

Meginboðskapur bókarinnar er kannski að það er hægt að draga úr neyslunni. Það er alveg hægt að búa vel að börnum án þess að missa sig í neyslu," segir Katrín Jakobsdóttir alþingismaður, umverfissinni og síðast og alls ekki síst móðir tveggja drengja, þriggja og eins árs.

Katrín bendir á að foreldrar séu mikill neytendahópur, þeir kaupi bleiur, föt, dót og ýmsa hluti sem taldir eru bráðnauðsynlegir fyrir börn, en eru það kannski ekki þegar betur er að gáð. „Í bókinni er svolítið verið að velta vöngum yfir því hvað sé nauðsynlegt, hvað hægt er að fá lánað og hvað er endurnýtanlegt."

Katrín segir bókina hafa fengið þau Gunnar til þess að velta fyrir sér hlutum sem þau höfðu ekki spáð í áður. „Til dæmis tillögum að náttúrulegu hreinsiefni," segir Katrín sem leggur áherslu á að þó að þau hjónin séu miklir umhverfissinnar þá séu þau ekki fullkomin í umverfisvæna uppeldinu frekar en nokkur annar. „Við erum ekki fyrirmyndarforeldrar, erum ósköp venjulegir Íslendingar."

Meðal þess sem Katrín og Gunnar hafa tileinkað sér er kemur að umhverfisvænu uppeldi er að fá eins mikið lánað á drengina sína og kostur er. „Við fáum mjög mikið lánað af fötum hjá ættingjum, nánast allt nema skó og utanyfirklæðnað. Við höfum ekki verið hrædd við það. Við höfum fengið lánað rúm líka og vagn. Svo höfum við notað taubleiur að einhverju leyti, að minnsta kosti á meðan við vorum í fæðingarorlofi."



**ÞRÍR FJÓRÐU FJÖLSKYLDUNNAR** Illugi eins árs, Gunnar Örn og Katrín. Eldri sonurinn Jakob var á leikskólanum þegar myndin var tekin. Fréttablaðið/GVA

Katrín bendir foreldrum á, sem hafa hug á umhverfisvænna uppeldi, að leita eftir merkingum um að vörur séu umhverfisvænar, til dæmis sé hægt að fá umhverfisvænar pappírsbleiur. „Svo er mjög gott í bókinni að það er bent á ljósgrænar, grænar og dökkgrænar leiðir í uppeldinu, það eru sem sagt ábendingar um umhverfisvænar leiðir sem ganga mislangt, fólk getur stigið smáskref eða gengið alla leið eins og að nota taubleiu eða sofa á hálmdýnu. Og hún er hvetjandi en ekki fordæmandi sem er mikilvægt."

Mikil ofgnótt af leikföngum einkennir mörg íslensk barnaheimili og segir Katrín þarft að velta dótinu og því magni sem þar fyrirfinnst aðeins fyrir sér. „Tilhneigingin er sú að kaupa mikið dót handa börnum, það þykir flestum svo gaman að kaupa dót og auðvitað verða börn voða glöð þegar þau fá dót. Svo má alltaf velta fyrir sér af hverju börn hafa gaman, mörg börn hafa jafn gaman af tómri dollu sem hringlar í og dóti."

Bókin, sem er bresk, er miðuð við breska hugmyndafræði en Katrín segir þau hafa reynt að staðfæra og laga að íslenskum aðstæðum eftir föngum. „Við bendum til dæmis á sóunina á Íslandi en það hafa verið gerðar kannanir sem sýna að Íslendingar henda miklu af mat og reyndar líka af snyrtivörum."

Katrín bendir á að fólk sem eignast börn endurskoðar gjarnan lífið, er ekki eins og áður. „Það hafa kannski verið alls konar kröfur um neyslu sem eru ekki endilega frá börnunum sjálfum komnar, eins og um sjónvarp í hvert herbergi. Það er kannski kominn tími til að endurmeta það og hugsa hvort það sé endilega það besta."

sigridur@frettabladid.is

## UPPELDI FYRIR UMHVERFIÐ




Í bókinni Uppeldi fyrir umhverfið er að finna ýmsar hagnýtar uppástungur að grænu uppeldi. Hér á eftir er bent á góð ráð að grænu uppeldi sem er að finna í bókinni og eru þau af fjölbreytilegum toga sem sjá má.

### GRUNDVALLARATRIÐI

Það er mjög einfalt að verða grænni. Hver og einn þarf einfaldlega að nota færri vörur. Draga úr, nota aftur og endurvinna er mantra grænna foreldra. Þeir sem eru dökkgrænir bæta við afþakka og gera við.

### HREINGERNING

Vistvænustu hreingerningarefnin eru ef til vill til nú þegar í eldhúshillunum, sem dæmi má nefna:
**Borðedik -** þynnið það með vatni til að þrífa borð, gler og flísar eða notið óblandað til að losa stíflur í sturtu og vaski.
**Sítrónusafi -** Látið drjúpa á borðplötu og skurðarbretti til að losna við fitu.
**Matarsódi -** Blandið með vatni og þrífið vaska og baðker.
**Krydd -** Látið handfylli af kryddi malla til að fá ilm á heimilið (negulnagla, kanel, ferska engiferrót svo dæmi séu tekin.

### BLEYJUR



Það kostar fimm sinnum meiri orku að framleiða pappírsbleyju en taubleyju kemur fram í bókinni en bent er á þrjár mis umhverfisvænar leiðir í bleyjumálunum í bókinni.
**Ljósgrænt** - Pappírsbleyjur sem brotna niður í umhverfinu
**Grænt** - Taubleyjur sem þvo á með vistvænu þvottaefni í A-merktri þvottavél. Hengdar til þerris en ekki settar í þurrkara.



**Dökkgrænt** - Nota bleyjur eins sjaldan og hægt er, slást þannig í för með bleyjufrelsishreyfingunni sem gengur út á að stúdera venjur barnsins og svipbrigði og hljóð sem gefa til kynna hvað er á leiðinni.

### LEIKFÖNG

Mikið leikfangaflóð einkennir mörg barnaheimili og næsta víst að leikföngin eru af mjög misjöfnum gæðum. Mælt er með tréleikföngum eða heimatilbúnum, og mjög gjarnan notuðum. Eiguleg notuð leikföng eru að mati bókarhöfunda: Legó, Playmóbíl, Käthe Kruse-brúður sem eru handgerðar trébrúður, Bríó-lestir, Ikea-leikföng, dúkkuhús, virki eða brúðuleikhús úr tré, byggingardót úr málmi.

**BORGARGANGA** verður farin um vesturbæinn á sunnudag á vegum Ferðafélags Íslands en Hornstrandafarar, hópur innan félagsins, stendur fyrir göngunni. Lagt verður af stað klukkan 10.30 frá aðalinngangi Borgarbókasafnsins.






Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447









Halldóra Björk og Katrín Björk kvíða síður en svo sjóferðinni. „Hún er visst ævintýri," segja þær bjartsýnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Á veltingi milli Eyja og meginlands Íslands

**Eftir að hafa dansað með álfum, púkum og Eyjamönnum á herlegri þrettándagleði í Vestmannaeyjum í gær ætla mæðgurnar Halldóra Björk Jónsdóttir og Katrín Björk Ingimarsdóttir að halda til lands í dag.**

„Þetta er algert ævintýri fyrir krakkana og okkur hin fullorðnu líka því við upplifum ævintýrin í gegnum börnin okkar," segir Halldóra Björk Jónsdóttir sem ásamt Birnu systur sinni og fimm börnum hélt til Vestmannaeyja fyrir helgina til að fagna jólalokum með heimamönnum. „Vestmannaeyingar eru með þrettándagleði sem slær allt annað út. Hún er eins og kjötkveðjuhátíð og hefðirnar eru ríkar," segir Halldóra hrifin. Hún kveðst ekki hafa farið á slíka gleði í Eyjum síðan 1986 en nú hafi verið tækifæri. „Ég var svo heppin að hátíðinni var frestað fram á helgina. Þegar ég heyrði það komst ekkert annað að en að mæta," segir Halldóra sem sjálf er upphafsmaður að þrettándagleði í Grafarvogi og ætlar nú að nota tækifærið og mennta sig í fræðunum. „Ég verð í læri hjá þeim bestu," segir hún kampakát.

Halldóra Björk ólst upp í Eyjum til tólf ára aldurs. Hún er því að endurupplifa þrettándafjörið þar með álfum, tröllum, púkum og skottum en var alveg hissa þegar henni var sagt að hafa balldress með sér. „Í minningunni var alltaf bara farið heim eftir brennuna í heitt súkkulaði og afganginn af jólasmákökum og sá síður helst reyndar enn en svo er farið á dúndurball seinna um kvöldið."

| YES MAN | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| THE SPIRIT | kl. 8:20 - 10:30 | 12 |
| BOLTI 3-D m/ísl. tali DIGTAL-3D | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| CITY OF EMBER | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 7 |
| TWILIGHT | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 1:40 - 3:40 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| ROCKNROLLA DIGTAL | kl. 8:20 - 10:40 | 16 |
| YES MAN DIGTAL | kl. 4 - 6:10 - 8:20 - 10:40 | 7 |
| THE SPIRIT | kl. 6 - 8:20 - 10:40 | 12 |
| BOLT 3-D m/ísl. tali | kl. 1:50 - 4 DIGTAL-3D | L |
| BOLT 3-D m/Ensku tali | kl. 6:10 DIGTAL-3D | L |
| FERÐIN TUNGLSINS 3D | kl. 2 DIGTAL-3D | L |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | L |

SparBíó 550 KR Á MYNDIR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU 850 KR Á DIGITAL ÞRÍVÍDD MERKT MEÐ GRÆNU

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| YES MAN | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| BOLTI m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | L |
| MADAGASKAR 2 m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| SKOPPA OG SKRÍTLA m/ísl. tali | kl. 2 - 4 kr. 700 | L |
| CITY OF EMBER | kl. 6 - 8 | 7 |
| APPALOOSA | kl. 10:20 | 16 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| THE CHANGELING | kl. 6 - 9 | 16 |
| BOLT m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| MADAGASKAR 2 m/ísl. tali | kl. 2 | L |
| YES MEN | kl. 4 - 8 | 7 |
| THE SPIRIT | kl. 10 | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| ROCKNROLLA | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| YES MAN | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| BOLT m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | L |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| SKOPPA OG SKRÍTLA ísl. tali | kl. 2 - 4 kr. 700 | L |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 6 | L |

TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ



KL.3.30 HÁSKÓLABÍÓ

KL.3 HÁSKÓLABÍÓ

KL.1 SMÁRABÍÓ

KL.1 SMÁRABÍÓ KL.3.50 BORGARBÍÓ

50% AFSLÁTTUR Á NAMMIBAR Í SMÁRABÍÓ MILLI 12.30 OG 13.00 LAUGARDAG OG SUNNUDAG

Sími: 553 2075 LAUGARÁSBÍÓ - bara lúxus Ódýrt í bíó



ATH. 500 KR. ATH. 800 KR. ATH. 700 KR.

LAUGARÁSBÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

SparBíó laugardag og sunnudag SAMbio.is SAMBÍÓIN



BOLT m/ísl tali
kl. 1.30 í Álfabakka (sýnd í þrívídd kr 850)
kl. 1.50 í Kringlunni (sýnd í þrívídd kr 850)
kl. 2 á Selfossi og í Keflavík og kl. 2 á Akureyri (kr 550.)

MADAGASCAR 2 m/ísl tali
kl. 1.40 í Álfabakka,
kl. 2 í Kringlunni og á Ak.

YES MAN
kl. 1.30 í Álfabakka

CITY OF EMBER
kl. 1.30 í Álfabakka

FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D ísl tal
kl. 2 í Álfabakka

# Bændur á bjargbrún

Tímaritið Sight on Sounds fjallar um kvikmyndahátíðina RIFF, sem var haldin í Reykjavík í haust, og ástandið í efnahagsmálunum í nýlegri grein.

Fjallað er sérstaklega um þöglu myndina Saga Borgarættarinnar og spilamennsku Hjaltalín á sýningunni. „Fallegar melódíur og söngur hinnar tíu manna hljómsveitar Hjaltalín passaði fullkomlega við villta náttúruna sem tengist þjóðarsálinni svo djúpum böndum,“ sagði í umsögninni. „Atriði í myndinni þar sem bændafjölskyldan stóð á bjargbrún minnti reyndar óþægilega á aðra atburði. Þegar þetta er skrifað bíður Ísland eftir tveggja milljarða dollara björgunarpakka frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og útlitið er svart fyrir hinn almenna Íslending í landi sem reiðir sig á erlendar innflutningsvörur.“

Greinarhöfundur undraðist jafnframt það að heil sjö prósent þjóðarinnar hefðu sótt Riff-hátíðina, eða tuttugu þúsund manns.



**RIFF** Hrönn Marínósdóttir og Ásgeir H. Ingólfsson sem störfuðu við Riff í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hittir 15 þúsund börn í mánuði

Íþróttaálfurinn Magnús Scheving fór á kostum í morgunþætti breska ríkissjónvarpsins, BBC Breakfast, á miðvikudag. Magnús er staddur í Bretlandi til að kynna nýja leiksýningu byggða á Latabæjar-fyrirbærinu en hátt í hálf milljón áhorfenda á Bretlandseyjum hafa séð fyrri sýninguna, Roboticus. Þeirri nýju hefur verið gefið nafnið The Pirate Adventure og verður frumsýnd í Northampton hinn 29. janúar. Jafnframt hefur Latibær náð samkomulagi við fyrirtækið Fitkids sem rekur íþróttaskóla um gjörvallt Bretland en það mun bjóða upp á sérstök Latabæjarnámskeið í framtíðinni.

Magnús ræddi við þáttastjórnendur um ástæður þess að hann fór út í þessa baráttu fyrir bættri líðan barna. „Ég áttaði mig á því að það var ekki til nein heilbrigð fyrirmynd fyrir börn. Jú, það var Stjáni blái en hann étur bara spínat, reykir pípu og lemur fólk. Það vantaði eitthvað annað,“ sagði Magnús í samtali við BBC en hann mun fara í yfir fimmtán viðtöl á næstu tveimur dögum.

Magnús upplýsir í viðtalinu að hann reyni að hitta yfir fimmtán þúsund börn í hverjum mánuði. Og lauk heimsókn sinni með því að sýna og sanna að hann væri í raun og veru íþróttaálfurinn þrátt fyrir að vera klæddur í skyrtu og bindi með því að taka nokkur hopp og armbeygjur. **- fgg**

**VINSÆLL** Magnús Scheving er nú í mikilli fjölmiðlaherferð á Bretlandi til að kynna nýja leiksýningu.





**HERBERT MEÐ BLEIKAN ÍS** Fær ferskan vinkil í Party Zone.

# Hebbi endurgerður

Party Zone, dansþáttur þjóðarinnar á Rás 2, byrjar í kvöld að spila fyrstu remixin sem komu í hús eftir að blásið var til heljarinnar Herberts Guðmundssonar endurhljóðblöndunarveislu í desember. Tilkippilegir tónlistarmenn fengu hrátt innvolsið af sígilda eitís-slagaranum „Can't walk away“ og hafa hnoðað lagið upp á nýtt yfir jól og áramót. Í þættinum í kvöld verða að minnsta kosti þrjú glæný mix leikin, eftir þá Tonik (Anton Kaldal), Sean Danke (Grétar I. Gunnarsson) og Synthetik (Steinar Mar). Fleiri mix eru í pípunum og fá að hljóma í Party Zone á komandi vikum. Þar á meðal eru mix eftir Árna Plúseinn og Housebuilders, sem er band bræðranna Mána og Nökkva Svavarssona.



**HJALTALÍN** Hljómsveitin Hjaltalín spilar í menningarsetri Belgíu 17. janúar næstkomandi. MYND/LEÓ STEFÁNSSON

# Íslendingar spila í Belgíu

Hjaltalín, Dísa, Kira Kira, Sam Amidon og Rökkurró eru hluti af tónleikaröðinni 101 Reykjavík sem verður haldin í menningarsetri Belgíu í bænum Maldegem 17. janúar til 29. mars.

Auk þess sem íslenskir flytjendur troða þarna upp verður íslensk tónlist spiluð jafnt og þétt á kaffihúsi setursins. Einnig verða listaverk héðan til sýnis í setrinu ásamt kvikmyndum frá Íslandi. Hjaltalín ríður á vaðið í tónleikaröðinni 17. janúar ásamt Dísu en síðustu tónleikarnir verða í höndum hljómsveitarinnar Rökkurró.


# FUNDARBOÐ

Borgarafundur verður haldinn í Íþróttahúsinu
við Strandgötu í Hafnarfirði laugardaginn 10. janúar 2009 kl. 14.00

**Fundarefni**
Stöndum vörð um starfsemi St.Jósefsspítala og framtíð Heilbrigðisþjónustu í Hafnarfirði.

**Dagskrá**
Setning: Gunnhildur Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur

**Ræðumenn**

**Guðlaugur Þór Þórðarson**
heilbrigðisráðherra

**Lúðvík Geirsson**
bæjarstjóri

**Ragnhildur Jóhannsdóttir**
hjúkrunarfræðingur

**Almar Grímsson**
bæjarfulltrúi

**Kristín Gunnbjörnsdóttir**
formaður Bandalags kvenna í Hafnarfirði

Mælendskrá opnuð,

Ályktun fundarins borin upp.

Stöndum vörð um starfsemi St. Jósefsspítala og framtíð Heilbrigðisþjónustu í Hafnarfirði og fjölmennum á fundinn

**Áhugamannahópur um framtíð St. Jósefspítala Hafnarfirði**

## > Ísland mætir Færeyjum

Karlalandslið Íslands í fótbolta mætir Færeyjum í vináttulandsleik í Kórnum sunnudaginn 22. mars en þetta var staðfest á heimasíðu KSÍ í gær. Þjóðirnar mættust einnig í vináttulandsleik í Kórnum fyrir um ári síðan og þá vann Ísland 3-0. Ekki er um alþjóðlegan leikdag að ræða þannig að landsliðsþjálfarinn Ólafur Jóhannesson getur ekki valið sitt sterkasta lið fyrir leikinn. Rúmri viku síðar mætir Ísland svo Skotlandi á Hampden Park-leikvanginum í Glasgow í undankeppni HM 2010. Næsta verkefni karlalandsliðsins er hins vegar vináttulandsleikur gegn Liechtenstein á La Manga á Spáni 11. febrúar.



**sport**
sport@frettabladid.is

RÓBERT GUNNARSSON: VAR ÁGÆTLEGA SÁTTUR VIÐ SPILAMENNSKUNA Í 34-28 SIGRI ÍSLANDS GEGN RÚMENÍU Í GÆR

# *Rúmenía er lið sem við eigum ekki að tapa fyrir*

Karlalandslið Íslands í handbolta vann Rúmeníu 34-28 í fyrsta leik sínum á fjögurra þjóða æfingarmóti sem hófst í Skjern í Danmörku í gær en staðan í hálfleik var 15-11 Íslandi í vil. Hornamennirnir Þórir Ólafsson og Sturla Ásgeirsson voru atkvæðamestir hjá Íslandi en Þórir skoraði átta mörk og Sturla skoraði sjö mörk. Þá skoraði Logi Geirsson sex mörk og markvörðurinn Björgvin Páll Gústavsson varði fjórtán skot en Rúmenía er á meðal þjóða sem keppa á HM í Króatíu síðar í mánuðinum.

„Þetta var svolítið brösugt í byrjun þar sem við vorum að klúðra miklu af dauðafærum en mér fannst við samt alltaf vera með þetta í hendi okkar. Við vorum komnir með einhver tíu mörk í forskot eftir um fjörtíu mínútur og vorum að ná að refsa þeim með hröðum sóknum en þá gerðum við breytingar á liðinu sem gengu ekki upp og misstum þetta niður í tvö mörk. Við komum svo upp aftur í lokin og kláruðum þetta en þetta er samt lið sem við eigum ekki að tapa fyrir," segir Róbert Gunnarsson sem borið hefur fyrirliðaband íslenska liðsins í undanförnum leikjum.



Íslenska liðið er búið að spila þétt síðustu daga og álagið talsvert á hópnum, sér í lagi eftir að fjórir leikmenn höfðu meiðst. Því var brugðið á það ráð að kalla á Valdimar Fannar Þórsson og markvörðinn Magnús Gunnar Erlendsson inn í leikmannahóp íslenska liðsins, en þeir komu inn í hópinn til þess að leysa hina meiddu Aron Pálmarsson og markvörðinn Hreiðar Guðmundsson af hólmi.

„Nýju mennirnir komu báðir vel inn í þetta og Maggi var að spila sinn fyrsta landsleik og fær örugglega að kenna á vígsluathöfninni eftir lokaleikinn í mótinu," segir Róbert á léttum nótum.

Íslendingar leika annan leik sinn í mótinu í dag þegar þeir mæta Dönum.

„Það er alltaf gaman að mæta Dönum og þeir eru að vanda með mjög gott lið. Þjálfari þeirra segist hins vegar harma að við erum ekki með okkar sterkasta lið gegn þeim þar sem hann hafi verið að vonast eftir alvöru leik. Við þurfum náttúrulega bara að refsa honum fyrir þennan hroka inni á vellinum," segir Róbert ákveðinn.

## ÚRSLIT

### *Æfingarmót í Danmörku*

Ísland-Rúmenía 34-28 (15-11)

**Mörk Ísland:** Þórir Ólafsson 8, Sturla Ásgeirsson 7, Logi Geirsson 6, Rúnar Kárason 4, Ragnar Óskarsson 2, Róbert Gunnars. 2, Vignir Svavars. 2, Ásgeir Örn Hallgríms. 1, Sigurbergur Sveinsson 1, Ingimundur Ingimundarson 1.
**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 14, Magnús Gunnar Erlendsson 1.

### *Æfingarmót í Frakklandi*

Ísland 2012-Irvy 28-27 (15-13)

**Mörk Íslands 2012:** Ólafur Guðmunds. 5, Elvar Friðriks. 4, Freyr Brynjarsson 4, Kári K. Kristjáns. 3, Hannes J. Jónsson 3, Arnór Gunnars. 3, Bjarni Fritzson 2, Sigurgeir Á. Ægisson 1, Fannar Friðgeirs. 1, Oddur Grétars. 1, Ingvar Árnason 1.
**Varin skot:** Pálmar Péturs. 14, Ólafur Gíslason 2.

### *Iceland Express deild karla*

ÍR-KR 80-98 (38-52)

**Stig ÍR:** Hreggviður Magnússon 23, Ómar Sævars. 20, Ólafur Þóris. 9, Steinar Arason 8, Davíð Fritzson 6, Eiríkur Önundarson 6, Sveinbjörn Claessen 3, Daði Grétarsson 2, Bjarni Valgeirsson 2, Ólafur Ingvason 1.
**Stig KR:** Jón Arnór Stefánsson 20, Jakob Örn Sigurðarson 19, Darri Hilmarsson 18, Jason Dourisseau 16, Fannar Ólafsson 9, Skarphéðinn Ingason 8, Pálmi Sigurgeirsson 6, Hjalti Kristinsson 1, Ólafur Ægisson 1.

Njarðvík-FSu 82-84 (45-35)

**Stig Njarðvíkur:** Logi Gunnarsson 31, Friðrik Stefánsson 20 (13 fráköst, 5 stoðs.), Hjörtur Einarsson 16, Hilmar Hafsteinsson 8, Ágúst Dearborn 5, Valur Orri Valsson 2.
**Stig FSu:** Sævar Sigmundsson 28 (8 fráköst), Vésteinn Sveinsson 19, Árni Ragnarsson 18 (8 fráköst), Cristopher Caird 8, Tyler Dunaway 5, Nicholas Mabbutt 3, Björgvin Valentínus. 2.

Tindastóll-Snæfell 88-95 (45-49)

**Stig Tindastóls:** Helgi Viggós. 18, Ísak Einars. 17, Svavar Birgis. 14, Friðrik Hreins. 13, Alex Kárason 11, Óli Reynisson 6, Halldór Halldórsson 5, Einar Einarsson 2, Hreinn Birgisson 2.
**Stig Snæfells:** Sigurður Þorvaldsson 29 (7 frák, 5 stoðs.), Jón Jónsson 22, Hlynur Bæringsson 14 (11 fráköst, 5 stoðs.), Slobodan Subasic 10, Atli Hreinsson 7, Gunnlaugur Smárason 5, Daníel Kazmi 3, Egill Egilsson 3, Guðni Sumarliðason 2.

### *N1 deild kvenna*

Haukar-Valur 29-26 (14-15)

**Mörk Hauka:** Ramune Pekarskyte 11, Hanna Stefánsdóttir 9/6, Nína Arnfinnsdóttir 3, Nína Kristín Björnsdóttir 3, Ester Óskarsdóttir 1, Erna Þráinsdóttir 1, Hekla Hannesdóttir 1.
**Varin skot:** Heiða Ingólfsd. 8, Bryndís Jónsd. 2
**Mörk Vals:** Hrafnhildur Skúladóttir 7/5, Drífa Skúladóttir 5/1, Dagný Skúladóttir 4, Kristín Guðmundsdóttir 3, Hildigunnur Einarsdóttir 3, Íris Ásta Pétursdóttir 2, Haftrún Kristjánsdóttir 2.
**Varin skot:** Berglind Íris Hansdóttir 16

# Sögulegur KR-sigur í Seljaskóla

**Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, viðurkenndi að bikarleikurinn á móti Keflavík hefði sett sitt mark á undirbúning liðsins en var ánægður með einbeitingu sinna manna sem unnu 18 stiga sigur á ÍR í gær.**

**KÖRFUBOLTI** KR-ingar urðu fyrsta liðið í sögu úrvalsdeildar til að vinna fyrsta leikinn á nýju ári eftir að hafa unnið alla leikina fyrir áramót þegar þeir unnu 98-80 sigur á ÍR í Seljaskólanum í gær.

ÍR-ingar byrjuðu mjög vel og komust í 13-4 og 16-11 en Jón Arnór Stefánsson skoraði þá 6 stig í röð og í framhaldinu tóku KR-ingar góð tök á leiknum og voru komnir 52-38 yfir í hálfleik. ÍR náði smá spretti í lok þriðja leikhluta en gott leikhlé Benedikts Guðmundssonar, þjálfara KR skerpti á hans mönnum sem lönduðu öruggum sigri.

Bakverðir KR-liðsins, Jakob Sigurðarson og Jón Arnór Stefánsson, léku mjög vel að vanda og voru saman með 39 stig og 11 stoðsendingar. Þá kom Darri Hilmarsson öflugur inn af bekknum og Fannar Ólafsson var grimmur á báðum endum vallarins.

„Þeir fengu lítið gefins í þessum leik og ég hafði aldrei áhyggjur þótt að við höfum lent einhverjum 10 stigum undir. Við erum líka ekki heldur búnir að gleyma að við duttum út fyrir þeim í fyrra," sagði Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, sem var sáttur við einbeitingu sinna manna í gær.



**ÁKVEÐNIR** Jón Arnór Stefánsson fór fyrir KR-liðinu og skoraði öll 20 stigin sín í fyrstu þremur leikhlutunum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Ég var með leikinn á sunnudaginn í kollinum og reyndi að halda lykilmönnunum sem mikið útaf og ég gat. Það er erfitt að fá leik á föstudegi og sunnudegi og fá engan tíma til að undirbúa seinni leikinn. Þetta er eins og að fá tvö próf sama dag því þú ert að undirbúa þig fyrir bæði," sagði Benedikt en KR mætir Keflavík í bikarnum á morgun.

Ómar Sævarsson var bestur ÍR-inga en KR-ingum gekk lengstum vel að stoppa Hreggvið Magnússon sem skoraði 10 af 23 stigum sínum þegar sigur KR-liðsins var í höfn. Það munaði miklu að Sveinbjörn Claessen meiddist í upphitun.

„Ég er ekki nægilega sáttur við sjálfan mig. Við vorum líka að gera of mikið af mistökum í vörninni og þeir eru bara með það gott lið að þeir refsa þér um leið," sagði ÍR-ingurinn Hreggviður Magnússon. ÍR-hefur tapaða fyrir Grindavík og KR í síðustu leikjum en Hreggviður segir þau vera góð lið en ekki ósigrandi.

„Þetta eru bæði lið sem er hægt að vinna og við eigum eftir að gera góða hluti þegar líða tekur á tímabilið. Við höfum verið að spila á móti toppliðum og höfum verið að spila vel á köflum. Það er klárlega stígandi hjá okkur og ég hlakka til komandi leikja. Það er ekkert nema bjartsýni hjá okkur. Við förum nú til Grindavíkur í átta liða úrslitum bikarsins á mánudaginn sem verður gríðarlega skemmtilegur leikur og ég hlakka til að hefna mín þar," sagði Hreggviður. ooj@frettabladid.is

Haukastúlkur styrktu stöðu sína á toppi N1-deildarinnar með 29-26 sigri gegn Valsstúlkum í gærkvöld:

# Haukar náðu sex stiga forskoti á toppnum

**HANDBOLTI** Haukar sigruðu Val í hröðum og spennandi leik, 29-26, á Ásvöllum í gær í N1 deild kvenna. Haukastelpur eru þar með komnar með sex stiga forskot á Stjörnuna á toppi deildarinnar en Stjarnan á þrjá leiki til góða. Valur er í þriðja sæti átta stigum á eftir Haukum og er úr leik í baráttunni um deildarmeistaratitilinn.

Haukar byrjuðu betur með Ramune Pekarskyte í banastuði. Þegar Ramune hafði skoraði fimm mörk snemma leiks brugðu Valsstelpur á það ráð að taka stórskyttuna úr umferð og við það riðlaðist sóknarleikur Hauka. Valur komst yfir og var einu marki yfir í leikhlé, 15-14.

„Ég bjóst við að þær myndu taka hana úr umferð allan leikinn eins og önnur lið hafa gert þannig að það átti ekki að koma okkur á óvart," sagði Díana Guðjónsdóttir þjálfari Hauka í leikslok.



Haukar leystu úr vandræðum sínum í síðari hálfleik og komust yfir strax í upphafi síðari hálfleiks og létu forystuna aldrei af hendi þó ekki hafi munað meira en tveimur mörkum á liðunum þar til á síðustu mínútu þegar Haukar gerðu út um leikinn.

**HANNA** Var öflug að vanda fyrir Hauka og skoraði níu mörk. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Þetta eru tvö mjög góð lið á toppnum. Maður vissi að þetta yrði erfitt en það er gott að ná að skilja Val aðeins eftir og það var það sem við ætluðum okkur," sagði Díana.

Bæði lið gerðu sig sek um marga sóknarfeila sem rekja má til mikils hraða í leiknum sem var bráðskemmtilegur á að horfa. Það sem skildi á milli í lokin var frábær leikur Ramune sem gat skorað í hvert skipti sem hún komst í námunda við punktalínuna. -gmi


# Getraunadeildin byrjar núna í dag!



- Skráning og upplýsingar á 1X2.is
- Keppt er í 10 vikur og gilda 8 bestu vikurnar
- Vegleg verðlaun fyrir efstu sætin
- Ert ***þú*** besti tipparinn á Íslandi?

1X2
www.1X2.is

ENNEMM / SÍA / NM34463

# LÍNAN

# ÚTSALA

# 20 - 60% AF

## ÖLLUM VÖRUM Í VERSLUNINNI

Sófar - Sófasett - Stólar - Sófaborð - Borðstofuborð
Borðstofustólar - Eldhúsborð - Eldhússtólar - Skápar
Skenkar - Sjónvarpsskápar - Svefnsófar - Púðar

Línan I Bæjarlind sex I 201 Kópavogur I Sími 553 7100
Opið mánudaga - föstudaga 10 til 18 I Laugardaga 11 til 16 I www.linan.is

## > Haley Joel Osment

„Ólíkt öðru fólki þá er ég hrifinn af kóngulóm og ekkert lofthræddur. Það eina sem ég hræðist er það óþekkta og það sem ég get ekki skilið.“
Osment fer með aðalhlutverkið í myndinni Gervigreind (Artificial Intelligence) sem sýnd er í Sjónvarpinu í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ DR. GUNNI HLUSTAÐI Á GARÐKÖNNUNA OG HRÆRIVÉLINA POPPLAND

# *Poppið í öllum litum regnbogans*

Þegar talið berst að rekstri Ríkisútvarpsins kemur alltaf upp að einhverjum páfanum finnist nú upplagt að leggja niður Rás 2 því aðrir miðlar gætu auðveldlega séð um að spila rokk og popp. Í þessari skoðun felst bæði upphafning á „menningarlegri“ tónlist og þóttafullt andvarp yfir „poppskraninu“, eins og páfuglar elítunnar hafa löngum kallað tónlist pöpulsins. Ekki fyrir svo löngu sátu páfarnir og rispuðu „óæskileg“ lög af vínylplötunum í safni útvarpsins, en nú þykir þeim sem sé best að slaufa Rás 2 bara alveg.

Auðveldasta leiðin til að hrekja staðhæfingar þessara radda er að líta á lagaval annarra stöðva. Þar er jafnan gert ráð fyrir niðurnjörvuðum markhópum og allt í lagi með það, eins lengi og fólk sættir sig við að láta hólfa sig. Markhópur Rásar 2 er allir markhópar og þegar hundrað vinsælustu lög síðasta árs á voru spiluð í vikunni mátti heyra hvar áherslurnar liggja. Helmingurinn er íslensk lög og úr öllu litrófinu, restin erlent efni og sömuleiðis alls konar. Á meðan aðrar stöðvar eru kannski bara með blátt eða bleikt er allur regnboginn undir á Rás 2. Hvergi annars staðar er hægt að búast við Ingó og Veðurguðunum á eftir Megasi eða Á móti sól á eftir Sigur Rós. Eflaust gætu stöðvar án ríkisstyrkja tekið upp svona hrært lagaval, en þær gera það bara ekki, þrátt fyrir mikla hlustun á Rás 2.




Hlutverk Rásar 2, jafnvel lögbundið, er að vera sagnfræðilegur heimildabanki poppsins og að hlúa að grasrótinni. Þar hefur Óla Palla og félögum í Popplandi tekist vel upp, enda rétt fólk á réttum stað, fullt af eldmóði og áhuga og gerandi allt sem í þeirra valdi stendur að standa í lappirnar þrátt fyrir endalausa niðurskurði og bólmóð. Nú þegar upp hefur komist að bankavíkingarnir eru bara ekkert klárir og ekkert merkilegir getur örmjóa þjóðarstoltið haldið dauðahaldi í það eitt að útrásarpopprararnir okkar fari ekki líka í gjaldþrot. Og að við eignumst kannski einhverja fleiri sem meikaða. Að fleiri bjarkir laufgist og aðrar rósir springi út. Enginn vökvar þann garð betur en Rás 2.

## LAUGARDAGUR



▶ 19.10 Beethoven. STÖÐ 2



▶ 19.45 America's Funniest Home Videos SKJÁREINN



▶ 20.30 Sex and the City STÖÐ 2 EXTRA



▶ 20.45 Hrúturinn Hreinn SJÓNVARPIÐ



▶ 21.25 Tennessee Titans – Baltimore Ravens STÖÐ 2 SPORT

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Kóalabræðurnir, Herramenn, Sammi, Músahús Mikka, Húrra fyrir Kela!, Ævintýri Kötu kanínu, Arthúr, Millý og Mollý, Fræknir ferðalangar og Þessir grallaraspóar.

**10.30 Leiðarljós** (e)

**11.15 Leiðarljós** (e)

**12.00 Kastljós** (e)

**12.40 Mótorsport 2008**

**13.10 Óskastundin** (Five Children and It) (e)

**14.40 Hr. Deeds** (Mr. Deeds)(e)

**16.15 Á heimleið - Ferðin ótrúlega** (Homeward Bound: The Incredible Journey) (e)

**17.40 Táknmálsfréttir**

**17.50 Útsvar** (e)

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.40 Spaugstofan**

**20.10 Söngvakeppni Sjónvarpsins 2009**

▶**20.45 Hrúturinn Hreinn**

**20.55 Söngvakeppni Sjónvarpsins 2009 - símakosning**

**21.10 Gervigreind** (Artificial Intelligence) Bandarísk bíómynd frá 2001. Sagan gerist í ekki ýkja fjarlægri framtíð og segir frá 11 ára véldreng sem þráir að eignast móður sem elskar hann. Aðalhlutverk: Haley Joel Osment, Frances O'Connor og Jude Law.

**23.35 Hver er morðinginn?** (Identity) (e)

**01.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Look Who's Talking**

**10.00 An Inconvenient Truth**

**12.00 Keeping Up With the Steins**

**14.00 Home for the Holidays**

**16.00 Look Who's Talking**

**18.00 An Inconvenient Truth**

**20.00 Keeping Up With the Steins** Gamanmynd um ungan dreng sem þarf að takast á við unglingsárin ásamt því að reyna skilja afar torkskilda fjölskyldu sína.

**22.00 Bad News Bears**

**00.00 Gattaca**

**02.00 Uninvited Guest**

**04.00 Bad News Bears**

**06.00 Hot Shots!**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Barney og vinir, Hlaupin, Litla risaeðlan og Lalli.

**08.00 Algjör Sveppi** Ruff's Patch, Þorlákur, Doddi litli og Eyrnastór, Blær, Gulla og grænjaxlarnir, Kalli og Lóa og Hvellur keppnisbíll.

**09.30 Könnuðurinn Dóra**

**09.55 Krakkarnir í næsta húsi**

**10.20 Íkornastrákurinn**

**10.45 Njósnaraskólinn**

**11.10 Prehistoric Park** (2:6)

**12.00 Sjálfstætt fólk**

**12.35 Bold and the Beautiful**

**12.55 Bold and the Beautiful**

**13.15 Bold and the Beautiful**

**13.35 Bold and the Beautiful**

**13.55 Bold and the Beautiful**

**14.20 The Big Bang Theory** (6:17)

**14.50 Back To You** (7:17)

**15.20 Flight of the Conchords** (6:12)

**15.50 Cold Case** (9:18)

**16.35 Sjálfstætt fólk** (15:40)

**17.10 ET Weekend**

**18.00 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.49 Íþróttir**

**18.55 Lottó**

**19.01 Veður**

▶**19.10 Beethoven. Story of a Dog** Sankti Bernharðshundurinn Beethoven sleppur naumlega úr klóm harðbrjósta hundaræningja og finnur sér tilvalinn dvalarstað á heimili Newton fjölskyldunnar. Með aðalhlutverk fara Charles Grodin, Bennie Hunt, Oliver Plat og Stanley Tucci.

**20.35 A Good Year** Rómantísk gamanmynd með Russel Crow, Marion Cotillard og Albert Finney í aðalhlutverkum.

**22.30 Doom** Hörkuspennandi og hrollvekjandi mynd byggð á samnefndum tölvuleik með Dwayne Johnson í aðalhlutverki. Í framtíðinni er rannsóknarstöð á plánetunni Mars. En eitthvað skelfilegt er á seyði þar. Öllum rannsóknum hefur verið hætt og öll samskipti liggja niðri. Hópur úrvalshermanna er sendur í leiðangur til að komast að því hvað sé á seyði.

**00.15 The Guardian**

**02.30 Wild Hogs**

**04.05 Hollywoodland**

## SPORT *besta sætið*

**08.40 PGA Tour 2008 - Year in Review** Árið gert upp í PGA mótaröðinni.

**09.35 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni.

**10.00 Enski deildarbikarinn** Útsending frá leik Tottenham og Burnley.

**11.40 NBA körfuboltinn** Útsending frá leik Cleveland og Boston í NBA.

**13.40 Æfingamót í Svíþjóð** Útsending frá leik Íslendinga og Egypta.

**15.10 Skills Challenge**

**16.45 World Supercross GP** Öll mót ársins skoðuð í bak og fyrir.

**17.40 Spænski boltinn. La Liga Report** Fréttaþáttur spænska boltans þar sem hver umferð fyrir sig er skoðuð í bak og fyrir.

**18.10 Meistaradeild Evrópu** Útsending frá úrslitaleik Man. Utd og Chelsea.

**20.55 NFL deildin. NFL Gameday** Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar og spá í spilin.

▶**21.25 NFL deildin** Bein útsending frá leik Tennessee Titans og Baltimore Ravens.

**00.25 UFC Unleashed** Í þessum þáttum eru bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**08.55 Enska 1. deildin** Útsending frá leik Reading og Watford í ensku 1. deildinni.

**10.35 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.

**11.05 PL Classic Matches** Arsenal - Man. United, 1997. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**11.35 PL Classic Matches** Liverpool - Man United, 1997.

**12.05 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum.

**12.35 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Aston Villa og WBA.

**14.50 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Arsenal og Bolton í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3. Portsmouth - Man. City Sport 4. Newcastle - West Ham Sport 5. Everton - Hull Sport 6. Fulham - Blackburn

**17.15 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Stoke og Liverpool.

**19.30 4 4 2**

**22.20 4 4 2**

**23.30 4 4 2**

**00.40 4 4 2**

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**13.35 Vörutorg**

**14.40 Dr. Phil** (e)

**15.25 Rachael Ray** (e)

**16.10 Rules of Engagement** (2:13) (e)

**16.40 The Contender** (7:10) (e)

**17.35 Are You Smarter Than a 5th Grader?** (20:27) (e)

**18.25 Survivor** (13:16) (e)

**19.15 30 Rock** (15:15) Bandarísk gamansería þar sem Tina Fey og Alec Baldwin fara á kostum í aðalhlutverkunum. (e)

▶**19.45 America's Funniest Home Videos** (40:42) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

**20.10 Frasier** (24:24) Síðasta þáttaröðin af einni vinsælustu gamanseríu allra tíma. Útvarpssálfræðingurinn Frasier Crane er engum líkur og sérviska hans og snobb eiga sér engin takmörk.

**20.35 90210** (1:24) Sjálfstætt framhald á vinsælustu unglingaseríu allra tíma, Beverly Hills 90210 (e)

**21.25 House** (16:16) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða, dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. (e)

**22.15 Law & Order. Special Victims Unit** (21:22) Bandarísk sakamálasería um sérdeild lögreglunnar í New York sem rannsakar kynferðisglæpi. (e)

**23.05 Rush Hour 2** Hasargamanmynd frá 2001 með Jackie Chan og Chris Tucker í aðalhlutverkum. (e)

**00.35 Mike Basset England Manager** Gamanmynd frá 2001 þar sem gert er stólpagrín af enska landsliðinu í fótbolta og þjálfun þess. (e)

**02.05 Jay Leno** (e)

**02.55 Jay Leno** (e)

**03.45 Vörutorg**

**04.45 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Valið endursýnt efni frá liðinni viku** Endurtekið á klst. fresti.

**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · 200 Kópavogi · Sími 544 2121 · Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.35**
**A Good Year**



Rómantísk gamanmynd í leikstjórn Ridley Scott um breskan verðbréfasala sem erfir kastala og vínekru í Frakklandi. Hann sér þar möguleika á góðum hagnaði og ákveður að gera staðinn upp og selja hann. Þegar á staðinn er komið uppgötvar hann hins vegar að lífið hefur upp á meira að bjóða en að græða peninga. Óskarsverðlaunahafarnir Russel Crow og Marion Cotillard fara með aðalhlutverkin ásamt Albert Finney.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Söngvakeppni Sjónvarpsins**
**Sjónvarpið kl. 20.10**

Í kvöld verða flutt fjögur lög af þeim sextán sem valin hafa verið til þátttöku í Söngvakeppni Sjónvarpsins 2009. Alls bárust keppninni 217 lög en þar af voru fimmtán lög valin og til viðbótar var Örlygi Smára, sigurvegara keppninnar í fyrra, boðið að taka þátt. Símakosning mun skera úr um hvaða tvö lög komast áfram í undanúrslit.



Þeir höfundar sem eiga lög í þættinum í kvöld eru Halldór Guðjónsson, Valgeir Skagfjörð, Óskar Páll Sveinsson og Heimir Sindrason. Kynnar eru Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir og Eva María Jónsdóttir.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Gatan mín
**09.03** Út um græna grundu
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Krossgötur
**14.00** Til allra átta
**14.40** Stjörnukíkir
**15.25** Lostafulli listræninginn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Orð skulu standa
**17.05** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Bláar nótur í bland
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Johann Sebastian Bach: Tónsnillingur
**20.00** Sagnaslóð
**20.40** Kvöldtónar
**21.10** Jón lærði
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Djasskviss á Jazzhátíð
**23.10** Villtir strengir og vangadans
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (96:260)
**16.25 Hollyoaks** (97:260)
**16.50 Hollyoaks** (98:260)
**17.15 Hollyoaks** (99:260)
**17.40 Hollyoaks** (100:260)
**18.05 Help Me Help You** (12:13)
**18.30 Smallville** (19:20) Sjöunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.
**19.15 Justice** (13:13) Þættir sem gerast á eftirsóttri lögfræðistofu í Los Angeles þar sem stóru og umtöluðu málin koma inn á borð og ósjaldan tengjast þau ríka og fræga fólkinu. Þáttunum hefur verið líkt við Practice.
**20.00 Logi í beinni** Laufléttur og skemmtilegur spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. Hann fær góða viðmælendur í heimsókn og auk þess verður boðið upp á tónlistaratriði og ýmsar uppákomur.
▶**20.30 Sex and the City** (5:18) Sex and the City er saga fjögurra vinkvenna sem eiga það sameiginlegt að vera einhleypar og kunna vel að meta hið ljúfa líf í hátískuborginni New York.
**21.00 Sex and the City** (6:18)
**21.30 E.R.** (18:25) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
**22.15 Help Me Help You** (12:13)
**22.40 Smallville** (19:20)
**23.25 Justice** (13:13)
**00.10 Sex and the City** (5:18)
**00.35 Sex and the City** (6:18)
**01.00 E.R.** (18:25)
**01.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**18.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson
**19.00 Kristinn H.** Kristinn H. Gunnarsson
**19.30 Birkir Jón** Birkir Jón Jónsson
**20.00 Lífsblómið** Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir
**21.00 Kolfinna** Kolfinna Baldvinsdóttir
**21.30 Líf og land** Valdemar Ásgeirsson
**22.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson
**23.00 Neytendavaktin** Ragnhildur Guðjónsdóttir
**23.30 Íslands safarí** Akeem Richard Oppong

## DR 1

**10.00** Børneblæksprutten **10.15** Tidens tegn **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Troldspejlet **11.30** Julesession med Nik & Jay **12.15** Update Highlight **12.35** Family Guy **13.00** X Factor **14.00** Hammerslag **14.35** Miss Marple **16.10** Før søndagen **16.20** Held og Lotto **16.30** Kaj og Andrea **17.00** Radiserne **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt **18.10** Galapagosøerne **19.00** Sport 2008 **21.15** Daylight **23.05** En sag for Frost

## NRK 1

**10.15** Sport i dag **11.40** V-cup kombinert **12.15** EM skøyter **12.50** V-cup hopp **14.45** EM skøyter **16.00** Sport i dag **16.15** V-cup skiskyting **17.00** Propp og Berta **17.25** Underbuksepiratene **17.30** ORPS **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Idrettsgalla 2009 **20.55** Med hjartet på rette staden **21.40** Idrettsgalla 2009. Nachspiel **22.00** Kveldsnytt **22.15** Shakespeare in Love

## SVT 1

**10.05** Vinterstudion **11.10** Alpint **12.10** Alpint **13.05** Vinterstudion **14.25** Inför Guldbaggen 2009 **14.35** Nobelkonsert **15.50** På spåret **16.50** Helgmålsringning **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.15** Disneydags **18.00** Habib **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Stjärnorna på slottet **20.00** Burn Up **21.30** Dom kallar oss artister **22.00** Piedras - Livets labyrint **00.15** Sändningar från SVT24




## PERSÓNAN

*Guðjón Rúnar Emilsson*




**Aldur:** 29 ára.
**Starf:** Eigandi verslunarinnar Fígúru.
**Fjölskylda:** Býr með Kristu Hall og passa einstaka sinnum hundinn Frosta.
**Foreldrar:** Emil Guðjónsson fjármálastjóri og Guðríður Halldórsdóttir kennari.
**Stjörnumerki:** Steingeit.
**Búseta:** Í fjölbýli á mörkum 101 Reykjavík.
**Guðjón Rúnar Emilsson** hannar og selur boli með áletruninni „Helvítis fokking fokk“.

# Frjósamir útvarpsmenn á Rás 2

Óhætt er að segja að frjósemin sé mikil á Ríkisútvarpinu, en þar eiga nú þrír landsþekktir útvarpsmenn von á börnum á komandi mánuðum.

„Við vitum kynið og eigum von á barninu í maí,“ segir dagskrárgerðarmaðurinn Freyr Eyjólfsson sem á von á sínu fyrsta barni með Hólmfríði Önnu Baldursdóttur, upplýsinga- og fjáröflunarfulltrúa UNICEF á Íslandi. Útvarpsmaðurinn Matthías Már Magnússon á jafnframt von á sínu fyrsta barni með Þórunni Edwald sem starfar hjá 66° Norður. Matthías starfaði áður á útvarpstöðinni X-ið 97.7, en hóf störf á Rás 2 síðastliðið vor. „Við eigum von á stúlku 20. febrúar,“ útskýrir Matthías og segir meðgönguna hafa gengið eins og í sögu.

Þá á Popplandskóngurinn og tónlistarstjóri Rásar 2, Ólafur Páll Gunnarsson, von á sínu þriðja barni með Stellu Maríu Sigurðardóttur í júní. Ólafur Páll, betur þekktur sem Óli Palli, á tvö börn fyrir sem eru sextán og fjórtán ára gömul. Aðspurður segist hann ekki vilja vita kynið. „Ég er alveg á móti því. Ég veit ekki hvort að ég fæ að ráða því, en þannig finnst mér að það eigi að vera,“ segir Óli Palli og brosir. **- ag**





**ÞRJÚ BÖRN Á LEIÐINNI** Útvarpsmennirnir Freyr Eyjólfsson, Matthías Már Magnússon og Ólafur Páll Gunnarsson eiga allir von á börnum á komandi mánuðum.



**LÁRÉTT**
**2.** elds, **6.** sjúkdómur, **8.** nár, **9.** sigað, **11.** hljóta, **12.** slæm skrift, **14.** smápeningar, **16.** í röð, **17.** iðka, **18.** skelfing, **20.** tveir eins, **21.** vangi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** fyrirhöfn, **3.** fisk, **4.** þróttur, **5.** skjön, **7.** ströngull, **10.** efni, **13.** frjó, **15.** svall, **16.** dá, **19.** ónefndur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** báls, **6.** ms, **8.** lík, **9.** att, **11.** fá, **12.** krafs, **14.** aurar, **16.** mn, **17.** æfa, **18.** ögn, **20.** ll, **21.** kinn.
**LÓÐRÉTT: 1.** ómak, **3.** ál, **4.** lífsafl, **5.** ská, **7.** strangi, **10.** tau, **13.** fræ, **15.** rall, **16.** mók, **19.** nn.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Nepal.
2. Um 120 þúsund Íslendingar.
3. Ofur-Hugi Halldórsson.

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

LEIFUR B. DAGFINNSSON: MIKIL VONBRIGÐI FYRIR KVIKMYNDAIÐNAÐINN

# Milljarðamynd Baltasars hugsanlega tekin á Írlandi

Raunveruleg hætta er á því að víkingamynd Baltasars Kormáks verði ekki tekin upp hér á landi heldur verði veigamestu tökurnar fluttar til Írlands. Þetta segir Leifur B. Dagfinnsson, samstarfsmaður Baltasars við gerð myndarinnar og framleiðandi hjá True North. Framleiðslukostnaður við víkingamyndina er talinn nema fjórum til sex milljörðum íslenskra króna.

Að sögn Leifs eru írsk yfirvöld að reyna að lokka kvikmyndagerðarfólk til sín með því að hækka endurgreiðslu um fimm prósent, frá tuttugu yfir í tuttugu og fimm prósent. Leifur óskar því eftir aðstoð frá íslenskum stjórnvöldum þannig að tryggt sé að myndin verði að mestu leyti gerð hér. „Kerfið á Írlandi virkar þannig að þú leggur 75 prósent framleiðslukostnaðarins inn á sérstakan reikning og ríkið kemur til móts við það með sínum 25 prósentum,“ útskýrir Leifur. Endurgreiðsluprósentan á Íslandi til kvikmyndagerðar er hins vegar fjórtán prósent. Leifur telur það ekki nógu hátt hlutfall til að lokka stóra erlenda aðila til landsins þrátt fyrir að íslenska krónan hafi hrunið um áttatíu prósent og dollarinn styrkst sem því nemur. „Ef endurgreiðslan væri hærri, þá hefðu íslenskir kvikmyndagerðarmenn í nægu að snúast. Fyrirspurnirnar eru allavega nógu margar.“

Leifur tekur skýrt fram að bæði hann og Baltasar muni leggja sitt á vogarskálarnar við að fá kvikmyndina til Íslands. Þennan svo hins vegar ekki peningamennirnir, þeir hafi úrslitavaldið. „Framleiðendurnir hafa mikinn áhuga á því að vinna myndina hér á landi, þeir vilja eiga fundi með ráðamönnum um þessi mál og ætla að koma til landsins í lok mánaðarins.“ Leifur segir um gríðarleg verðmæti að ræða. Hann áætlar að tvö hundruð störf skapist í kringum myndina en samkvæmt fyrstu áætlunum hefst vinna við hana strax í apríl á þessu ári. „Við skulum átta okkur á því að þessi mynd gæti gert svipaða hluti fyrir Ísland og Hringadróttinssaga gerði fyrir Nýja-Sjáland,“ segir Leifur.



**TÖKUSTAÐIR Á ÍSLANDI SKOÐAÐIR** Baltasar Kormákur kom hingað með bandarískum framleiðendum síðasta haust og skoðaði tökustaði. Nú gæti verkefnið verið í hættu hér á landi og flust yfir til Írlands.

Einar Karl Haraldsson, aðstoðarmaður iðnaðarráðherra, sagði að Össur Skarphéðinsson myndi ekki tjá sig um þetta einstaka atriði. Hann hefði rætt við Baltasar Kormák um þessi mál og við fleiri kvikmyndagerðarmenn. „Það hefur verið farið yfir þessi mál í ráðuneytinu og þau eru til skoðunar. Hins vegar er ekki hægt að lofa neinu,“ segir Einar Karl.

**freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



G´n´R – bandið treður upp í kvöld í Bíóhöllinni uppi á Skaga. Er þetta fyrsta „gigg” hljómsveitarinnar eftir slagsmálin sem brutust út innan hennar í eftirpartíi úti í Eyjum. Þá rauk **Gunnar Bjarni** í Grétar Bulgretzky en mildilega tókst að ganga á milli. Gunni Bjarni er þekktastur fyrir framgöngu sína í Jet Black Joe en Grétar hefur komið fram með Kalla Bjarna. Lengi var óvíst um hvort hljómsveitin væri starfhæf en svo virðist sem sverðin hafi verið slíðruð.

Eitt umtalaðasta sjónvarpsviðtal undanfarinna daga og vikna er spjall Sigmars Guðmundssonar við **Bjarna Ármannsson** sem kom í kjölfar greinar Bjarna í Fréttablaðinu. Í magasín-bransanum er slegist um feitustu bitana eins og fram hefur komið og getur ritstjóri Kastljóssins, Þórhallur Gunnarsson, verið harður í horn að taka í þeim efnum. Hins vegar hljóp óvænt á snærið hjá honum að þessu sinni því Sölvi Tryggvason var búinn að ganga frá því að Bjarni kæmi í settið til sín í Ísland í dag. En þau fastmæli reyndust bundin við Sölva, sem í millitíðinni var rekinn, og fór Bjarni því í Kastljósið.



Í vikulokin heitir útvarpsþáttur sem er á Rás 1 í umsjá Hallgríms Thorsteinssonar en sama heiti ber þáttur sem er á Sögu síðdegis í dag í umsjá Halldórs E. og Markúsar Þórhallssonar. Gestir þáttarins eru forvitnilegur samsetningur, tveir menn sem margir líta til nú þegar „hið Nýja Ísland“ er á döfinni: Heimspekingurinn og handboltakappinn **Ólafur Stefánsson** og Þorvaldur Gylfason. Ólafur er að verða eftirsóttur fyrirlesari og hafði meðal annars framsögu og ræddi við hóp fólks á opnum fundi í Mosfellsbæ í vikunni. **-jbg**






# Vöðvar Péturs Jóhanns fundnir

„Þetta passar, ég er búkurinn hans Péturs Jóhanns,“ segir Konráð Valur Gíslason, einkaþjálfari í World Class. Að undanförnu hafa birst flennistórar myndir af gamanleikaranum Pétri Jóhanni Sigfússyni í tilefni af sýningunni Sannleikurinn sem frumsýnd verður í Borgarleikhúsinu í febrúar. Töluvert hefur verið rætt og ritað um hver eigi þennan vel þjálfaða líkama. Egill „Gillzenegger“ Einarsson vísaði því á bug í samtali við Monitor að hann væri maðurinn og Fréttablaðið hafði spurnir af því að útvarpsmaðurinn og fitnesskóngurinn Ívar Guðmundsson væri maðurinn. Ívar sagðist ekkert hafa komið nálægt þessu.

Pétur Jóhann er á myndunum í ansi góðu formi, varla fitugramm utan á honum. Grínistinn á að hafa skuldlaust en kroppurinn er í eigu Konráðs. „Ég held að ég sé einn af fáum í þessum geira sem er svipaður á hæð og Pétur og er ekki allur útkrotaður í húðflúrum,“ svarar Konráð þegar hann er inntur eftir því hvernig þetta kom til. „Ég þekki manninn ekki neitt, það var bara ljósmyndari sem hafði samband við mig og hafði séð mig í World Class og vildi fá mig til verksins.“ Konráð segist tiltölulega sáttur við myndatökuna og útkomuna. Hann viðurkennir þó að hann hefði viljað koma sér í betra form. „Fyrirvarinn var enginn og ég skaust bara í þetta.“ **- fgg**



**Í TOPPFORMI** Pétur Jóhann virkar í toppformi á myndunum. Hann á andlitið skuldlaust en búkurinn er í eigu Konráðs Vals Gíslasonar.



**VILJAÐ BETRA FORM** Konráð Valur er tiltölulega sáttur við myndirnar en hann hefði þó viljað vera í betra formi.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON













# ÚTSALA

í Bæjarlind og Kringlunni

Opið:
Laugardag kl. 10-16
Sunnudag kl. 13-16

TEKK
COMPANY

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**
Guðmundar Steingrímssonar

## *Aftur og aftur*

Enn á ný lætur Ísraelsher til skarar skríða og myrðir börn og fullorðna. Sprengjur falla á saklausa borgara og læknar eru hindraðir í störfum sínum. Með reglulegu millibili svalar þessi fullkomnasti her heimsins fýsn sinni. Sama atburðarásin fer af stað í veröldinni. Þjóðarleiðtogar fordæma. Bandaríkjastjórn segir að það séu tvær hliðar á málinu. Fólk deyr.

**HIÐ** síendurtekna ástand á Biblíuslóðum er orðið dæmisaga fyrir akkúrat það: Endurtekninguna. Líklega er það stærsta viðfangsefni mannsins – á öllum tímum – að koma í veg fyrir að skelfilegir hlutir endurtaki sig, aftur og aftur, með sömu hörmulegu afleiðingunum og síðast. Hvað þetta verkefni mistekst oft er síðan til vitnis um það hvað manndýrið er ótrúlega ófullkomið.

**Á** Íslandi er blessunarlega enginn Ísraelsher. Vandamál okkar eru ekki samanburðarhæf við ógnarumhverfi fólks í Palestínu. En viðfangsefnið er þó í grunninn svipað: Hvernig á að koma í veg fyrir að hörmungar endurtaki sig? Þetta er eilífðarþraut og virðist æði lúmskur vandi. Nú þegar eru farnar að heyrast raddir hér á landi þess efnis að nýju bankarnir geti líka farið á hausinn. Og aftur virðast menn ætla að hrista höfuðið, vantrúaðir, yfir þeim viðvörunarorðum og vísa á bug. Er það ekki nokkuð kunnuglegur upptaktur að ömurlegri atburðarás?

**ÞESSI** eilífðarvandi endurtekningarinnar er þess eðlis að ekki dugir að ráðast gegn honum með vel orðuðum yfirlýsingum eingöngu, efasemdarlausum fullyrðingum um að allt verði jú víst í stakasta lagi í framtíðinni. Mun róttækari hernaðarlist þarf að stunda gegn þessum tilvistarlega skratta.

**ÞEIR** sem hafa fundið hjá sjálfum sér djúpar hvatir til þess að feta brautir sem leiða undantekningarlaust til sjálfseyðingar vita að til þess að koma í veg fyrir slíkan sálarlegan hildarleik þarf stöðuga áminningu. Verkefnið er ævarandi. Sama gildir þegar rætt er um þjóðfélag í heild sinni, eða jafnvel heiminn allan. Fyrir okkur Íslendinga er ágætis aðferðarfræði að finna í samskiptum okkar við náttúruöflin, sjálft veðrið. Við spáum fyrir því, tölum stanslaust um það, styrkjum björgunarsveitir svo þær geti bjargað okkur ef illa fer, eigum alls kyns búnað og hlífðarföt til þess að mæta því þegar það versnar.

**MANNSKEPNAN** getur þetta, þótt hún klúðri því oft. Svona þarf líka að vakta Gaza, öllum stundum. Og svona þurfum við Íslendingar – í okkar fyrirhyggjuleysi og brussugangi – að höndla okkar bagalegu efnahagsmál.



**GÓÐAN DAG!**

**Í dag er laugardagurinn 10. janúar, 10. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.05 | 13.35 | 16.06 |
| Akureyri | 11.14 | 13.20 | 15.27 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


